



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. velferðarnefndar
Austurstræti 8 -10
150 Reykjavík

Reykjavík 14. janúar 2015

1501019SA TP
Málalykill: 401

Efni: Breytingar á almannatryggingalögum (stjórnsýsla o.fl.) - 322. mál 144. lp.

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, þar sem ofangreint þingmál var sent til umsagnar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Almennt um frumvarpið

Tilfni frumvarpsins er lýst í greinargerð með því en það tengist náið nefnd þeirri sem fjallað hefur um grunnþætti í opinberum framfærslukerfum undir forystu Péturs Blöndal alpm. Eins og fram kemur í skýringum hefur sú nefnd enn ekki lokið störfum, m.a. vegna skiptra skoðana um innleiðingu starfsgetumats. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur, auk Reykjavíkurborgar, átt fulltrúa á fundum nefndarinnar og fylgst með starfi hennar. Hvetur sambandið eindregið til þess að starfi nefndarinnar verði lokið með sátt um að innleiða starfsgetumat í áföngum á næstu 3 - 4 árum.

Sambandið gerir á hinn bóginn athugasemd við að velferðarráðuneytið skuli ekki hafa haft samráð við sveitarfélögin um smíði fyrirbyggjandi frumvarps. Eins og fram kemur í greinargerð lýtur efni þess m.a. að því að skerpa á reglum gildandi laga um samspil bóta. Fjárhagsaðstoð og annar félagslegur stuðningur sem sveitarfélögin veita hefur mjög nán tengsl við bætur almannatrygginga, þ.m.t. félagslega aðstoð. Því er illskiljanlegt að ráðuneytið fari fram með tillögur um að „skerpa á ýmsum reglum laganna, t.d. þeim sem lúta að samspili bóta“ án þess að ræða það mál við sveitarfélögin.

Í þessari umsögn koma fram nokkrar tillögur sem sambandið vill gera um ný og breytt atriði í frumvarpinu. Velferðarnefnd er hvött til þess að skoða þessar tillögur með opnum huga og með hliðsjón af stefnumörkun sambandsins 2014 - 2018 þar sem segir m.a.:

Sambandið skal beita sér fyrir því að opinber stefnumörkun og löggjöf stuðli að því að bóta- og greiðslukerfi ríkis, sveitarfélaga og lífeyrissjóða vinni eins vel saman og kostur er. Lögð verði áhersla á að bæta eftirlit með greiðslum og samvinnu milli stofnana. Liður í því er að lögfest verði skylda umsækjenda um opinberar bótagreiðslur til þess að upplýsa um það ef breyting verður á högum þeirra sem hefur áhrif á rétt til fjárhagsstuðnings. (3.3.18)

Sambandið skal vinna markvisst að því að fækka gráum svæðum þar sem ábyrgðarskil ríkis og sveitarfélaga eru ekki nægjanlega ljós á sviði skóla- og velferðarmála. Með því má tryggja skilvirkari þjónustu við alla sem þurfa á velferðarþjónustu að halda. (3.3.25)

Sjá nánar í meðf. skjali.



Markmiðsákvæði

Í gildandi lögum nr. 100/2007, m.s.b. eru ekki markmiðsákvæði og gerir frumvarpið tillögu um að úr því verði bætt.

Með vísan til þeirrar vinnu sem áður er getið varðandi innleiðingu starfsgetumats, kann að orka tvímælis að sjá markmið laganna skilgreind út frá úreltum hugmyndum um örorku, þ.e. út frá vangetu til vinnu í stað áherslu á getu fólks til þátttöku í samfélaginu. Bent er á að stuðningur sem sveitarfélög veita er lögum samkvæmt fyrst og fremst skilgreindur sem hjálp til sjálfshjálpar, þ.e. að bæta þeim sem á þurfa að halda, það upp sem á vantar til þess að þeir geti lifað mannsæmandi, sjálfstæðu lífi með reisn.

Að mati sambandsins er afar áriðandi að höggvið verði á þann vítahring við framkvæmd gildandi laga sem hamlar gegn endurhæfingu í víðum skilningi með óæskilegri áherslu á skerðingar og örorku. Nýtt og framsækið markmiðsákvæði myndi vera leiðarljós í því efni.

Jafnframt ber að leggja áherslu á sameiginlega ábyrgð stjórnvalda og atvinnulífs við að þróa framboð á hlutastörfum og atvinnutengdum stuðningsúrræðum.

Skilgreining á búsetu

Búsetureglur hafa lengi verið í lögum um almannatryggingar en framkvæmd þeirra hefur verið að breytast á síðast liðnum árum, m.a. vegna sparnaðar í ríkisútgjöldum eins og nefnt er í greinargerð.

Í fyrirliggjandi frumvarpi er gerð tillaga um að búsetuhugtaki laganna verði breytt (sbr. ný 2. gr.) og Tryggingastofnun ríkisins verði gefnar heimildir til að ákvarða að einstaklingur uppfylli ekki búsetuskilyrði laganna þrátt fyrir lögheimilisskráningu.

Sambandið geldur varhug við því að fela Tryggingastofnun slíkt ákvörðunarvald og telur að sú skipan geti búið til nýtt grátt svæði, þar sem tilhneigingin verði sú að ýta málum þar sem skráningar fara úrskeiðis yfir á ábyrgð sveitarfélaga. Stjórnendur í félagsþjónustu hafa slæma reynslu af því á umliðnum árum að ríkisaðilar bregðist við hagræðingarkröfu með því að þrengja skilgreiningar og breyta túlkun á lögbundnum skilyrðum í trausti þess að sveitarfélögin komi inn með úrræði.

Hlutverk Tryggingastofnunar

Gerð er tillaga um að í nýju ákvæði (9. gr.) verði fjallað um helstu þætti í hlutverki TR.

Viðtekið er að hlutverksákvæði af þessu tagi séu í heimildarlögum stjórnvalda m.a. til þess að tryggja hagsmuni þeirra borgara sem eiga úrlausn sinna mála undir viðkomandi stofnun. Út frá slíkum réttaröryggissjónarmiðum verður lýsingin að vera nógu ítarleg til þess að hafa raunverulega þýðingu fyrir málsaðila.

Jafnframt ættu hlutverksákvæði að vera ítarlegri í rammalögum af þessu tagi þar sem framkvæmdin byggir á verulegu leyti á reglugerðum. Eðlilegt er að löggjafinn leggi ákveðnar línur þegar um er ræða mjög víðtækt framsal til



setningar reglugerða, sbr. 22. gr. frv. sem fjallar um innleiðingu almannatryggingareglna Evrópusambandsins.

Að mati sambandsins er nauðsynlegt að kveða skýrar á um það í ákvæði um hlutverk TR, að stofnunin skuli hafa milligöngu um að framsenda erindi til annarra stofnana og taka virkan þátt í að þeir sem leita til stofnunarinnar öðlist þau réttindi sem þeim ber m.a. á grundvelli reglugerðar 883/2004/EB og annarra almannatryggingareglna Evrópusambandsins. Eðlilegt er að slík fyrirmæli séu sjálfstæður staflíður í nýrri 9. gr. og til fyllingar almennum ákvæðum um þjónustu og ráðgjöf (b-liður) og upplýsingastarfsemi um réttindamál (c-liður).

Sameiginlegt lögheimili

Í 2. mgr. 10. gr. frv. er lagt til að inn í löginn komi að nýju ákvæði um að sameiginlegt lögheimili (eða sambúð eftir öðrum ótvíræðum gögnum) lengur en eitt ár skuli lagt að jöfnu við skráningu sambúðar í Þjóðskrá.

Sambandið tekur undir þessa tillögu enda mun ákvæðið á sínum tíma hafa verið fellt út fyrir mistök.

Brottfall réttinda við afplánun refsingar

Eins og velferðarnefnd er kunnugt hefur sambandið unnið að greiningu á svokölluðum gráum svæðum milli þjónustu ríkisins annars vegar og þjónustu sveitarfélaganna hins vegar. Eitt af þessum gráu svæðum snertir málefni fanga sbr. meðf. yfirlit (sjá lið nr. 24).

Eins og fram kemur í yfirlitinu gera lög um fullnustu refsinga almennt ekki ráð fyrir því að fangar séu „á framfæri ríkisins“ á meðan þeir eru í afplánun. Á þeim grunni hefur í vaxandi mæli borið á að því sé vísað til félagsþjónustu sveitarfélaga að veita föngum fjárhagsaðstoð meðan á afplánun stendur, m.a. til þess að greiða fyrir ýmsar nauðsynjar á borð við gleraugu og tannlæknaþjónustu.

Félagsþjónustunefnd sambandsins hefur fjallað um slík mál og talið að þau sýndu greinilega að meinbugir séu á þeim lögum sem gilda um fullnustu refsinga. Skýrt eigi að vera kveðið á um réttarstöðu fanga og greint með tæmandi hætti hvaða áhrif frelsissvipting af hálfu ríkisvaldsins hafi á réttindi og skyldur þeirra sem fyrir henni verða. Sama gildir um þá sem með öðrum hætti eru úrskurðaðir til dvalar á stofnun (m.a. réttargæsludeild). Þá þurfi að taka afstöðu til þess hvernig fari með gagnkvæma framfærsluskyldu meðan á afplánun eða dvöl stendur.

Með vísan til þessarar umfjöllunar telur sambandið að það sé í raun ákveðin forsenda fyrir efni 56. gr. laganna að lög um fullnustu refsinga taki af skarið um það hvort og þá að hvaða marki fangi í afplánun teljist vera „á framfæri ríkisins“. Jafnframt er mjög mikilvægt fyrir velferð þessa hóps að tekið sé af skarið um rétt fanga til heilbrigðisþjónustu (einkum geðheilbrigðisþjónustu) og annarra velferðarúrræða. Velferðarnefnd er hvött til þess að huga að málinu við umfjöllun um frumvarpið.



Ráðstöfun greiðslna

Sambandið hefur ítrekað bent á mikilvægi þess að í lög um almannatryggingar komi ákvæði um endurgreiðslu fjárhagsaðstoðar sem sveitarfélög veita einstaklingum sem bíða afgreiðslu umsóknar um örorkulífeyri/endurhæfingarlífeyri hjá Tryggingastofnun. Staðan er núna sú að einstaklingar sem fá fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélagi á meðan þeir bíða afgreiðslu stofnunarinnar fá þegar upp er staðið greiðslur bæði frá hlutaðeigandi sveitarfélagi og TR vegna sama tímabils. Þetta helgast af því að þegar jákvæð afgreiðsla TR liggur fyrir er greitt aftur í tímann, a.m.k. frá umsóknardegi. Hins vegar skortir á að þessar greiðslur berist til sveitarfélagsins að því marki sem sveitarfélagið hefur lagt út fyrir aðstoðinni á biðtímanum.

Gerð er tillaga um að við 11. gr. frumvarpsins, sem fjallar um breytingu á 50. gr. laganna (*Greiðslur til þriðja aðila*) bætist ákvæði um að Tryggingastofnun skuli við fyrstu greiðslu til umsækjanda, þegar m.a. er greitt aftur í tímann, endurgreiða viðkomandi sveitarfélagi þá fjárhagsaðstoð sem það hefur veitt umsækjanda frá þeim tíma þegar umsókn var lögð inn til stofnunarinnar. Gerð er eftirfarandi tillaga að orðalagi ákvæðisins:

Njóti umsækjandi um bætur hjá Tryggingastofnun fjárhagsaðstoðar hjá lögheimilissveitarfélagi á meðan umsókn hans er til meðferðar hjá stofnuninni skal stofnunin endurgreiða viðkomandi sveitarfélagi þá fjárhæð sem það hefur lagt út fyrir á biðtímanum. Skal sú endurgreiðsla eiga sér stað við fyrstu greiðslu bóta til umsækjanda og honum jafnframt gerð grein fyrir afdrættinum.

Sanngirnirök standa til þess að mæla skýrt fyrir í lögum um endurgreiðslu Tryggingastofnunar á fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi þegar mál hefur verið afgreitt. Afgreiðslutími umsókna hjá TR hefur verið að lengjast undanfarið og að sama skapi lengist því sá tími sem sveitarfélög veita viðkomandi einstaklingum fjárhagsaðstoð. Þá felst í því hagræði fyrir bæði notanda og stjórnsýslu og ákveðin skilvirkni að þessi endurgreiðsla eigi sér stað með tiltölulega sjálfvirkum hætti.

Milliríkjasamningar

Í 20. gr. frv. eru lagðar til breytingar á 68. gr. gildandi laga, sem fjallar um milliríkjasamninga, í því skyni að gera ákvæðið gagnsærra og ítarlegra.

Í skýringum er m.a. vísað til Norðurlandasamnings um almannatryggingar sem lögfestur var með lögum nr. 119/2013. Varðandi þann samning sérstaklega vill sambandið benda á að ýmis vandamál hafa komið upp við framkvæmd samningsins vegna ólíkra reglna milli landa m.a. um fyrirkomulag starfsgetu- eða örorkumats og biðtíma eftir því að réttur til bóta verði virkur eftir flutning á milli landa. Vísað er til umsagnar sambandsins um frumvarp það sem varð að lögum nr. 119/2013.

Brýnt er, að mati sambandsins, að hugað verði að þessum vandamálum og umræða tekin um það hvort eðlilegt sé að íslensk stjórnvöld beiti reglum um þriggja ára búsetutíma gagnvart þeim sem flytjast milli Norðurlanda, en í reynd er verið að ýta þeim hópi yfir á sveitarfélögin að því marki sem þeir njóta ekki bóta frá öðru landi. Á þetta reynir sérstaklega gagnvart ungu fólki sem býr við fötlun frá fæðingu.



Ennfremur er ástæða til þess að stuðla að því að íslenskar reglur um framreikning og greiðslu hlutalífeyris séu samræmdar við það sem tíðkast á Norðurlöndum, t.d. með innleiðingu á svonefndri 4/5 reglu sem er að finna í norski, sænski og danski löggjöf.

Núverandi regla um að greiðslur elli- örorku- og endurhæfingarlífeyris séu í hlutfalli við búsetutíma á Íslandi yfir tímabilið frá 16 - 67 ára aldurs er of ströng að mati sambandsins. Í þeim tilvikum þar sem viðkomandi fær ekki greiðslur frá öðru landi leiðir reglan til þess að málum er vísað yfir á sveitarfélög í stað þess að almannatryggingakerfið standi undir framfærslu þeirra sem hingað koma, að teknu tilliti til greiðslna sem viðkomandi sannanlega fær frá öðrum löndum. Óhjákvæmilegt er að vinna að úrbótum á þessu fyrirkomulagi með frumvörpum og reglugerðarbreytingum þar að lútandi.

Vinnusamningar öryrkja

Með breytingum skv. 19. og 1. tölul. 26. gr. frumvarpsins er lagt til að vinnusamningar öryrkja færist frá Tryggingastofnun til Vinnumálastofnunar.

Umræddir vinnusamningar eru mikilvægir fyrir allstóran hóp fatlaðs fólks og telja sveitarfélögin að þessi breyting sé til bóta. Jafnframt skiptir miklu máli að stjórnarsýsla í kringum samningana sé gerð skilvirkari og liprari, en fram hefur komið í nýlegum rannsóknum á atvinnumálum fatlaðs fólks að þörf sé á úrbótum hvað það varðar.

Samandregið

Samband íslenskra sveitarfélaga styður að fyrirliggjandi frumvarp hljóti afgreiðslu - að teknu tilliti til gerðra athugasemda - enda verði jafnframt tryggt að heildarendurskoðun almannatryggingakerfisins verði lokið í þökkalegri sátt milli stjórnvalda, aðila vinnumarkaðarins og hagsmunasamtaka notenda.

Af hálfu sambandsins er sérstök áhersla lögð á að tillaga þess um viðbót við 11. gr. frumvarpsins nái fram að ganga.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs

Meðf.: Stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2014 - 2018, samþykkt í stjórn sambandsins 21. nóvember 2014 á grundvelli umfjöllunar á XXVIII. landsþingi þess

Yfirlit (uppfært) um grá svæði í verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga á sviði skóla- og velferðarmála, dags. 29. október 2014



Yfirlit um grá svæði í verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga á sviði skóla- og velferðarmála

29. október 2014

UPPFÆRT

1401029SA
Málalykill: 096

Á fundi stjórnar sambandsins þann 25. október 2013, var fjallað um þróun samskipta ríkis og sveitarfélaga á sviði velferðarmála, sérstaklega þar sem verksvið skarast og grá svæði hafa myndast í verkefnum félagsþjónustunnar. Umfjöllun stjórnar byggðist á fundargerð félagsþjónustunefndar sambandsins frá 9. október 2013 þar sem fulltrúi Reykjavíkurborgar hafði frumkvæði að umræðu um þetta efni.

Stjórn sambandsins fól lögfræði- og velferðarsviði að taka saman minnisblað um málið. Minnisblaðið var lagt fram á fundi samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga (Jónsmessunefndar) 11. nóvember 2013 þar sem samþykkt var að innanríkisráðuneytið, fyrir hönd stjórnarráðsins, kæmi að málinu eftir því sem við gæti átt.

Fundargerð Jónsmessunefndar var lögð fram á fundi stjórnar sambandsins þann 22. nóvember 2013, ásamt minnisblaði lögfræði- og velferðarsviðs. Í framhaldi af fundinum var ákveðið að gera minnisblaðið að lifandi yfirliti um stöðuna í verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga á sviði velferðarþjónustu þar sem framvinda mála og ný atriði væru færð inn eftir því sem tilefni væri til.

Upphafleg útgáfa yfirlitsins er dagsett 14. janúar 2014 en það hefur síðan verið til umfjöllunar á vettvangi sambandsins, m.a. í umræðuhópi 3 á landsþingi þess sem haldið var á Akureyri 24. - 26. september 2014. Út úr þeirri vinnu kom tillaga um að stefnumörkun sambandsins 2015 - 2018 innihéldi sérstakt markmið um að fækka gráum svæðum milli ríkis og sveitarfélaga. Sérstaklega er tiltekið að markmiðið taki til velferðarþjónustu í víðum skilningi þ.e. bæði skóla- og velferðarmála.

Hér að neðan kemur fram uppfært yfirlit miðað við stöðu mála í lok október 2014. Upphaflegt skjal innihélt lýsingu á 22 málefnum en við skjalið hefur verið bætt tveimur atriðum þannig að svæðin eru nú 24 talsins. Á móti kemur að skipting ábyrgðar á talmeinaþjónustu við börn (nr. 4 á yfirlitinu) er komin í ákveðinn farveg. Málefni þar sem ábyrgðarskil eru óljós teljast því 23.

Atvinnumál

1. Virkir atvinnuleitendur sem misst hafa bótarétt hjá ATS

Um langt árabíl var sú regla í lögum um atvinnuleysistryggingar að sá sem var tryggður samkvæmt lögnum gæti fengið greiddar bætur úr Atvinnuleysistryggingasjóði (ATS) samfelld í fimm ár. Þessari reglu var breytt um mitt ár 2006 þannig að tímabilið var stýtt í þrjú ár. Breytingin var m.a. studd þeim rökum að atvinnuleysi væri í lágmarki og ekki þörf fyrir svo langt tímabil.

Af alkunnum ástæðum var tímabilið lengt til bráðabirgða í fjögur ár á árinu 2009 en þar var um tímabundið ástand að ræða sem ekki náði að festa sig í sessi. Af hálfu sambandsins var því haldið fram að fyllsta ástæða væri til þess að bótatímabilið yrði í það minnsta fært varanlega til þess horfs sem var fyrir

kreppu. Þau rök mættu hins vegar ekki skilningi ríkisins og því hefur þriggja ára bótatímabil verið sú regla sem atvinnuleitendur þurfa að búa við. Það gerir hins vegar að verkum að sístækkandi hópur virkra atvinnuleitenda sækir um fjárhagsaðstoð til framfærslu hjá sveitarfélögunum, þegar bótatímabilinu sleppir.

Ríkið hefur tekið ábyrgð á þessum hópi upp að vissu marki með þátttöku í átaksverkefnum (Liðstyrkur og Atvinnutorg) og samningum um að Vinnumálastofnun (VMST) veiti atvinnuleitendum á fjárhagsaðstoð þjónustu.

Hér er m.a. vísað til Stígs-verkefnisins sem samkomulag náðist um í nóvember 2013. Þeir sem ýmist hafa klárað bótarétt sinn til atvinnuleysisbóta eða hafa af einhverjum ástæðum ekki rétt til slíkra bóta geta notið aðstoðar Stígs. Á fyrsta hálfu ári verkefnisins höfðu tæplega 40% þeirra sem vísað hefur verið til Vinnumálastofnunar fengið vinnu, þar af starfa 82% á almennum vinnumarkaði en 18% hjá viðkomandi sveitarfélagi.

Á fundi í velferðarráðuneytinu þann 28. apríl 2014 var málefnið rætt og bentu fulltrúar sambandsins á að tryggja beri sveitarfélögum fjármögnun á þjónustu við þennan hóp með hlutdeild í tryggingargjaldi, sem verði við lýði þar til atvinnuástand hefur náð því marki sem var á árunum fyrir hrun. Tillögur þar að lútandi hafa verið settar fram eins og áréttað er í bókun sem gerð var á fundi stjórnar sambandsins þann 16. maí 2014.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2015 sem lagt var fram á Alþingi í september 2014 í er gerð tillaga um að stytta það tímabil sem heimilt er að greiða atvinnuleysisbætur úr þremur árum í tvö og hálf. Með því móti sé náð aðhaldsmarkmiðum í útgjaldaramma VFRN, en gert er ráð fyrir að útgjöldin lækki um 1.130 m.kr. á árinu 2015.

Nái tillagan fram að ganga mun hún þýða verulegan útgjaldaauka hjá sveitarfélögunum til viðbótar því sem áður var komið fram. Styrkir það enn ofangreinda kröfu um hlutdeild í tryggingargjaldi.

2. Atvinnuleitendur sem hafa ekki áunnið sér bótarétt hjá ATS

Það er meginregla laga nr. 55/2006, um vinnumarkaðsaðgerðir, að allir eigi rétt á vinnumarkaðsaðgerðum, þar á meðal vinnumiðlun og þátttöku í vinnumarkaðsúrræðum óháð því úr hvaða greiðslukerfi þeir fá sína framfærslu.

Framkvæmdin hefur hins vegar verið sú allt frá gildistöku laganna að nánast öll regluleg starfsemi VMST, þ.m.t. vinnumarkaðsúrræði, er fjármögnuð úr ATS. Af ákvæðum 62. gr. laga nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar leiðir að þessi fjármögnun sjóðsins skuli einungis vera fyrir þá sem eru tryggðir innan atvinnuleysistryggingakerfisins.

Með því að standa ekki við skyldur um sjálfstæða fjármögnun VMST af fjárlögum hefur ríkið vikist undan ábyrgð á þeim hópi atvinnuleitenda sem af einhverjum ástæðum hefur ekki áunnið sér bótarétt hjá ATS eða langt er um liðið síðan bótaréttur var fyrir hendi. Sambandið hefur lagt áherslu á að fatlaðir og öryrkjar eru sérstaklega fjölmennir í þessum hópi og að þeir eiga rétt til aðstoðar VMST við leit að vinnumarkaðsúrræðum sem hæfa færni þeirra og starfsgetu.

Á fundi í VFRN þann 28. apríl 2014 fóru fulltrúar sambandsins fram á að VMST verði tryggt fé til þess að standa undir sínum lagaskyldum. Stígsverkefnið hefur komið til móts við þá áherslu upp að vissu marki, en bagalegt er að úrlausn fyrir þennan hóp skuli byggjast á sérstökum átaksverkefnum.

Í frumvarpi til fjárlaga er reiknað með að sama fjárhæð og á yfirstandandi ári verði til ráðstöfunar hjá ATS í sérstök átaksverkefni á árinu 2015.

3. Námsmenn á milli anna í lánshæfu námi eða uppfylla ekki skilvrði LÍN

Með lagabreytingu um áramótin 2009 / 2010 voru námsmenn sviptir bótarétti úr ATS. Áhrif breytingarinnar voru milduð tímabundið með átaksverkefnum en greinilega má sjá af tölum frá sveitarfélögum að stór og sístækkandi hluti þessa námsmannahóps sækir um fjárhagsaðstoð til þess að brúa bilið í sumarleyfum, milli námsanna eða þegar farið er á milli skólastiga. Sem dæmi má nefna að árvisst kemur fram sveifla í fjölda þeirra sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu í Reykjavíkurborg, þannig að notendur eru 20% fleiri yfir sumarmánuðina en annars.

Sambandið varaði á sínum tíma¹ mjög við því að umrædd breyting myndi hafa þessi áhrif og í reynd væri verið að ýta vanda hópsins til frambúðar yfir á sveitarfélögin.

Jafnframt hefur fjölgað í hópnum vegna reglna Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN), sem beina námsmönnum á lánafyrirgreiðslur bankastofnana til að brúa bil fram að því að námsmaður hefur sýnt fram á fullnægjandi námsárangur.

Sé námsmaður hins vegar á vanskilaskrá fær hann synjun á slíka fyrirgreiðslu þar sem LÍN tekur ekki tillit til slíkra félagslegra aðstæðna enda þótt lög heimili sjóðnum að taka tillit til búsetu og „annarra atriða er áhrif kunna að hafa á fjárhagsstöðu námsmanns“ eins og segir í 3. gr. laga nr. 21/1992.

Þá má einnig sjá dæmi um að einstaklingum með lögheimili á Íslandi og í lánshæfu námi sé synjað um lán frá LÍN þrátt fyrir aðkallandi félagslegar aðstæður (ríkisfangslausir hælisleitendur í Reykjanesbæ).²

Í tilvikum sem hér er vísað til hafa sveitarfélög vísað til ákvæða í reglum sínum um að einstaklingar í lánshæfu námi eigi ekki rétt til fjárhagsaðstoðar. Þær ákvarðanir hafa hins vegar verið felldar úr gildi af úrskurðarnefnd félagsþjónustu og húsnæðismála (ÚFH) þar sem slíkt ákvæði komi í reynd í veg fyrir að fram fari tilviksbundið mat á félagslegum aðstæðum hlutaðeigandi námsmanns.³

Umhugsunarvert er að sama niðurstaða hefur orðið í málum þar sem ætla má að hlutaðeigandi hafi fremur kosið að sækja um fjárhagsaðstoð heldur en að fullnýta láns möguleika eða aðgang að öðrum úrræðum.⁴

¹ Sjá umsögn sambandsins: <http://www.althingi.is/pdf/erindi/?lthing=138&dbnr=663>.

² Sjá úrsk. ÚFH maí 2014: http://www.urskurdir.is/Felagsmala/U_felags_hus/nr/7073.

³ Sjá úrsk. ÚFH mars 2014: http://www.urskurdir.is/Felagsmala/U_felags_hus/nr/7043 (Reykjavík), http://www.urskurdir.is/Felagsmala/U_felags_hus/nr/7044 (Borgarbyggð).

⁴ Sjá úrsk. ÚFH apríl 2014: http://www.urskurdir.is/Felagsmala/U_felags_hus/nr/7068 (maki á námslánum) og: http://www.urskurdir.is/Felagsmala/U_felags_hus/nr/7053 (námsamn. stóð til boða hjá VMST). Málin vörðuð Reykjavíkurborg og Garðabæ.

Málefni barna

4. Börn á grunnskólaaldri með þörf fyrir þjónustu talmeinafræðings

Samkomulag var gert 8. maí 2014 milli velferðarráðuneytisins og sambandsins um skiptingu ábyrgðar vegna talmeinaþjónustu við börn með framburðarfrávik, málþroskafrávik og stam. Samkomulagið er ótímabundið en markmið þess er að skýra verkaskiptingu milli ráðuneytisins og sveitarfélaga vegna sjúkratryggðra barna á leik- og grunnskólaaldri sem þurfa á þjónustu talmeinafræðinga að halda.

Með samkomulaginu er málið komið í farveg, en það hafði verið óleyst allt frá yfirfærslu grunnskóla til sveitarfélaga árið 1996. Unnið er að því á sameiginlegum vettvangi MMRN, VFRN og sambandsins að endurskoða í heild fyrirkomulag á málefnum barna með tal- og málþroskaraskanir.

5. Börn með þörf fyrir sérfræðiþjónustu í leik- og grunnskólum

Reykjavíkurborg hefur bent á að þess sjáist víða staður í þjónustu við reykvísk börn að ríkisstofnanir hafi sem viðbrögð við niðurskurði og hagræðingarkröfu, þrengt skilgreiningar sínar varðandi sérfræðilegar þjónustuskýldur.

Við setningu reglugerðar nr. 584/2010, um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla, fór fram kostnaðarmat á áhrifum reglugerðarinnar. Matið byggðist á viðtekinni verkaskiptingu milli sveitarfélaga og stofnana ríkisins, þ.e. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins (GRR), Barna- og unglingageðdeild Landspítalans (BUGL), Þroska- og hegðunarstöðvar (PHS) og heilsugæslunnar.

Í matinu var komist að þeirri niðurstöðu að kostnaðarauki sveitarfélaga vegna reglugerðarinnar væri einkum vegna aukinnar skyldu við eftirfylgni að lokinni upphafsathugun, greiningu og ráðgjöf og að sá þáttur gæti numið 200 m.kr. á ári á landsvísu. Þetta mat byggðist á því að sérfræðiþjónusta skóla kæmi að frumgreiningu upp að ákveðnu marki (vegna námsvanda) en að öll nánari greiningarvinna væri á ábyrgð ríkisstofnana, sbr. einkum 4. gr. laga nr. 83/2003, um GRR.⁵

Frá 2010 hefur hins vegar mátt sjá greinilega þróun í þá átt að heilsugæslan hafi skilgreint sig frá vinnslu þessara mála og vísi nú á sérfræðiþjónustu skóla.⁶ Á sama tíma gera GRR og BUGL, meiri kröfur til efnis frumgreininga sem berast með tilvísunum, m.a. að þroskamat fylgi. Með þessu móti er greiningarvinna í málum barna í auknum mæli færð yfir til sveitarfélaga.⁷

Í áðurnefndu kostnaðarmati var það sameiginleg niðurstaða sambandsins og MMRN að ástæða væri til að fylgjast áfram með þróun kostnaðar við framkvæmd reglugerðarinnar.

Félags- og húsnæðismálaráðherra hefur lagt fram frv. um sérhæfða þjónustu-miðstöð sem annast ráðgjöf, greiningu, meðferð, hæfingu og endurhæfingu á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu.⁸ Sambandið hefur lýst jákvæðu viðhorfi til

⁵ Sbr. minnisblað LVS til skólastjóra og formanna skólanefnda dags. 23. mars 2011.

⁶ Sbr. tölvupóst PHS til sveitarfélaga dags. 4. janúar 2011.

⁷ Sbr. skýrslu vinnuhóps um sérfræðiþjónustu og þjónustu við börn með sérþarfir í leik- og grunnskólum Mosfellsbæjar, lögð fyrir fund fræðslunefndar 3. júlí 2012.

⁸ Sjá: <http://www.althingi.is/alttext/144/s/0295.html>.

hinnar nýju miðstöðvar sem ráðgert er að GRR renni inn í. Að öðru leyti munu sambandið lýsa sínum sjónarmiðum við meðferð málsins á þingi.

6. Börn með fjölþættan vanda

Um er ræða fámennan hóp barna (8 – 12 talsins) sem glíma við alvarlegar þroska- og geðraskanir. Fjölskyldur þessara barna eru í mikilli þörf fyrir öfluga, samþætta og þverfaglega þjónustu þvert á ríki og sveitarfélög.

Þáverandi velferðarráðherra skipaði í lok nóvember 2012 starfshóp sem var ætlað að samhæfa þjónustu ríkis og sveitarfélaga við börn sem eiga við alvarlegar þroska- og geðraskanir að etja. Hópurinn skilaði af sér tillögum um efnið í nóvember 2013. Meginniðurstaða nefndarinnar er sú að þjónusta við börnin og umsjón með henni eigi heima innan kerfis málefna fatlaðs fólks og félagsþjónustu sveitarfélaga enda fáist sérgreint fjármagn til þjónustunnar, þar sem þessi hópur var ekki inni í yfirfærslu málefna fatlaðs fólks til sveitarfélaganna.

Tillögur nefndarinnar komu til umfjöllunar í samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks auk þess sem málið hefur verið á dagskrá verkefnisstjórnar um endurmat á yfirfærslunni. Einnig var það rætt á fundi velferðarnefndar Alþingis í apríl 2014.

Hlutaðeigandi aðilar, þ.e. BUGL, GRR, BVS, heilsugæslan og félagsþjónusta sveitarfélaga, hafa náð sameiginlegri túlkun á niðurstöðum nefndarinnar og er unnið að málinu í samræmi við það. Málið er því í farvegi en á vettvangi VFRN starfar sérfræðiteymi sem leggur mat á stuðningsþörf viðkomandi barna, og fjölskyldna þeirra.

7. Börn með ADHD-greiningu

Samstarfsverkefni hefur verið við lýði um árabil, þar sem ríki, sveitarfélög og fleiri aðilar hafa sameinast um úrbætur í stöðu barna með ADHD-greiningu og langveikra barna. Grundvöllur starfsins er skýrsla frá árinu 2008 um þetta efni sem lýsir því að margir framkvæmdaðilar komi að einstökum þjónustupáttum.

Það er ekki lögbundin skylda sveitarfélaga að sjá um þjónustu við þessa hópa og því hafa verið gerðir samstarfssamningar milli ríkis og sveitarfélaga þar sem ráðuneyti hafa lagt fram fé til þess að standa undir aðgerðum. Þessar aðgerðir hafa einkum miðað að því að draga úr félagslegri einangrun ADHD-hópsins og langveikra barna.

Framlög ráðuneyta hafa farið ört lækkandi en af hálfu sveitarfélaganna hefur verið bent á að foreldrar barna í þessum hópi hafi byggt upp ríkar væntingar um nærþjónustu sem nauðsynlegt sé að standa við. Sveitarfélögin geti hins vegar ekki tekið að sér að bæta upp samdrátt í framlögum ríkisins. Óásættanleg sé jafnframt að verkefnum sé ýtt yfir á sveitarfélög og þau skilin þar eftir þegar og ef ríkið kys að draga sig út úr tímabundnum samstarfssamningum.

Þegar ríki og sveitarfélög taka höndum saman um að móta nýja þjónustu, er áriðandi að slík samstarfs- og reynsluverkefni séu tekin formlega út og metið hvort eðlilegt og réttmætt sé að gera umrædda þjónustu að lögbundinni skyldu. Verði niðurstaðan sú að slík skylda sé lögð á sveitarfélög ber lögum samkvæmt að framkvæma kostnaðarmat sem endurspeglar raunverulegan kostnað sveitarfélaga af því að taka þjónustupáttinn alfarið yfir.

Í rannsókn félagsvísindastofnunar um stöðuna í yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks (ágúst 2014) voru foreldrar fatlaðra barna (þ.m.t. eru börn með ADHD-greiningu og langveik börn) sérstaklega spurðir um félagslega stöðu. Svörin bera með sér að um 65% barna og unglinga í notendahópnum eru oft eða stundum einmana sem er umtalsverð aukning frá 2011.

Í bréfi sambandsins til félags- og húsnæðismálaráðherra, dags. 3. september 2014, er þess farið á leit að efnt verði til átaks til þess að rjúfa félagslega einangrun fatlaðra barna. Byggt verði á aðferðafræði sem þróuð var skv. eldri samstarfssamningum, þ.e. úthlutun styrkja til verkefna, einkum þeirra sem koma fram með nýjungar í félagslífi barna og ungmenna, m.a. yfir sumartímann.

Ennfremur kemur fram að varlega megi áætla að styrkir ættu að nema 150 - 200 m.kr. á ári til þess að árangri verði.

8. Nemendur sem vilja skrá sig í framhaldsskólaáfangu

Samkvæmt 26. grein laga um grunnskóla nr. 81/2008 eiga grunnskólanemendur „...rétt á að stunda nám í einstökum námsgreinum á framhaldsskólastigi meðan þeir eru í grunnskóla ... Skólastjóri í grunnskóla veitir nemanda heimild til slíks náms utan ...“. Mikill fjöldi nemenda nýtti sér þennan möguleika fyrir efnahagshrunið en við niðurskurð fjárframlaga til framhaldsskóla var lokað á þennan lögbundna rétt grunnskólanemenda.

Á grundvelli beiðni allsherjar- og menntamálanefndar var samráðshópi um innritun í framhaldsskóla falið að gera samantekt á námi grunnskólanemenda á framhaldsskólastigi og skila tillögum að reglum á framkvæmd þess til mennta- og menningarmálaráðherra. Skýrslan er dagsett 27. mars 2012. Þar er lagt til að að þessi leið verði gerð fær að nýju til þess að auka á þá samfellu og flæði milli skólastiga sem ný menntalög leggja til grundvallar. Að því var stefnt að fjármagn til þess kæmi inn í fjárlögin fyrir 2013 en það gekk ekki eftir og engir fjármunir fengust á fjárlögum 2014. Með sama hætti er ekki gert ráð fyrir fjárveitingum í frumvarpi til fjárlag fyrir árið 2015.

Það sem gerst hefur, eins og í svo mörgum málum öðrum, er að einstaka sveitarfélög, í samstarfi við framhaldsskóla á sínu svæði, hafa séð til þess að þeir grunnskólanemendur sem uppfylla skilyrði komist í framhaldsskólaáfangu á kostnað foreldra og sveitarfélags. Hætt er við að ríkið ákveði að við þetta fari að „skapast hefð“, þ.e. að sveitarfélög hafi tekið að sér að sinna þessu verkefni ríkisins og að frekari fjármunir renni ekki til þess á fjárlögum. Sjá má merki þess í hvítbók mennta- og menningarmálaráðuneytisins um umbætur í menntun frá júní 2014 að lögin geri ráð fyrir því að grunnskólanemendur geti stýtt sér leið, annaðhvort með því að taka framhaldsskólaáfangu á meðan þeir eru enn í grunnskóla eða með því að innritast í framhaldsskóla beint úr 9. bekk.

Við það verður ekki unað að ríkið geti valið að gera einstök lagaákvæði óvirk sem svo óhjákvæmilega leiði til kostnaðarauka sveitarfélaga sem reyna að viðhalda tilteknu þjónustustigi gagnvart íbúum sínum. Framhaldsskólinn er ekki á rekstrarforræði sveitarfélaga, enn sem komið er að minnsta kosti.

Almannatryggingar og félagsleg aðstoð

9. Öryrkjar sem fá hlutagreiðslur lífeyris frá TR

Frá árinu 2008 hefur fjölgað mjög í hópi öryrkja sem fá hlutagreiðslur frá TR á grundvelli reglna um að horft sé til búsetu erlendis á tímabilinu fram að örorkuatburði við ákvörðun lífeyris- og bótafjárhæða.

Samkvæmt fyrirliggjandi tölum má sjá að öryrkjum, búsettum hér á landi, sem fá þær hlutagreiðslur fjölgaði úr 402 í 686 frá árinu 2009 til 2012.⁹ Fjölgunin nemur um 70% og benda bráðabirgðatölur fyrir yfirstandandi ár til þess að þróunin hafi haldið áfram. Ljóst er að þessir einstaklingar búa við hlutagreiðslur ævilangt enda gilda sambærilegar reglur einnig um ellilífeyrisþega, þannig að hlutfallslega greiddur ellilífeyrir tekur við af hlutfallslega greiddum örorkulífeyri við 67 ára aldur.¹⁰

Umræddar hlutagreiðslur eru rökstuddar með því að þeir sem búsettir hafi verið erlendis geti sótt hlutfallslegar bætur (vegna örorku eða elli) til fyrra búsetulands. Fram kemur hins vegar í fyrrgreindu svari velferðarráðherra á Alþingi að 579 einstaklingar af þeim 686 sem fá greiddan hlutfallslegan lífeyri hafi gefið TR þær upplýsingar að þeir fengju engan lífeyri frá fyrra búsetulandi. Hlutfallið er 85%.

Þá liggur fyrir að á umræddu tímabili hefur framkvæmd TR verið breytt og m.a. þannig að hlutfallsregla nær nú einnig til sérstakrar uppbótar á lífeyri vegna framfærslu, en sú uppbót er veitt ef sýnt þykir að bótaþegi geti ekki framfleytt sér án þess. Vekur sérstaka athygli að í málum sem varða skerðingar er jafnan vísað til þess af hálfu TR að félagsþjónusta sveitarfélaga sé „grunnöryggisnet þjóðfélagsins“ og eigi að taka við tilvikum þar sem TR innir af hendi hlutagreiðslur þrátt fyrir að heildartekjur einstaklings séu sannanlega lægri en sem nemur framfærsluviðmiði almannatryggingalaga.

Sambandið hefur lýst sig algerlega ósammála þessari framkvæmd og bent á að lögum samkvæmt sé fjárhagsaðstoð sveitarfélaga ætlað að vera tímabundin neyðarráðstöfun. Engin lagastoð sé fyrir því að breyta hlutverki félagsþjónustu sveitarfélaga þannig að hún standi undir framfærslu einstaklinga og fjölskyldna um áratugaskeið eða ævina á enda.

Þetta atriði var rætt á fundi í VFRN 28. apríl 2014 og ákveðið að funda um verklag í þessum málum með fulltrúum TR. Sá fundur var haldinn í júní 2014.

Málefnið hefur einnig komið til umræðu í nefnd þeirri sem undirbýr nýja heildarlöggjöf um almannatryggingar undir forystu Péturs H. Blöndal alþm. Í tengslum við starf nefndarinnar hafa komið fram ákveðnar hugleiðingar sérfræðinga VFRN um breytingar sem mætti að gera á gildandi löggjöf.

10. Umsækjendur um endurhæfingarlífeyri hjá TR

Endurhæfingarlífeyrir er greiddur einstaklingum á aldrinum 18-67 ára þegar ekki er ljóst hver starfshæfni þeirra verður til frambúðar í kjölfar sjúkdóma eða

⁹ Svar VFRH við spurningu nr. 1: <http://www.althingi.is/alttext/141/s/1266.html>.

¹⁰ Ellilífeyrisþegum sem sæta búsetuskerðingum hefur fjölgað lítillega á árabílinu 2008 til 2012 en hlutfall skerðinga innan hópsins er til muna lægra en hjá öryrkjum.

slysa. Er megin skylyrði fyrir samþykki umsóknar að umsækjandi taki þátt í endurhæfingu með starfshæfni að markmiði.

Áður en til mats á endurhæfingarlífeyri kemur þarf umsækjandi að hafa lokið áunnum rétti sínum til veikindalauna frá atvinnurekanda, sjúkradagpeningum frá sjúkrasjóði stéttarfélags og eiga ekki rétt á atvinnuleysisbótum.

Endurhæfingarlífeyrir er almennt greiddur í allt að 18 mánuði en ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi er hægt að lengja greiðslutímabilið um aðra 18 mánuði.

Pegar staðtölur TR fyrir undanfarin ár eru skoðaðar vekur athygli að færri fengu greiddan endurhæfingarlífeyri í desember 2012 (1.235 manns) en var í desember 2009 (1.240 manns).¹¹ Þá liggur fyrir að þann 1. nóvember 2013 fengu 1.144 einstaklingar greiddan endurhæfingarlífeyri.¹² Er það nánast sami fjöldi og var í desember 2008 (1.137).

Töluvert fleiri virðast hins vegar vera á endurhæfingarlífeyri á yfirstandandi ári þar sem fram kemur að meðalfjöldinn hafi verið 1.465 manns á öðrum ársfjórðungi 2014.

Fjöldi lífeyrisþega í þessum bótaflokki rokkar þannig nokkuð milli ára og ársfjórðunga, en fyrirfram hefði mátt ætla að umtalsverður hluti þess hóps sem hefur verið að detta út af atvinnuleysisbótum á síðustu misserum myndi sækja um endurhæfingarlífeyri í ljósi þeirrar afar sterku fylgni sem er á milli langtímaatvinnuleysis og margvíslegs heilsubrests.

Sambandið telur að greina þurfi þau atriði sem stýra ferli umsókna um endurhæfingarlífeyri. Þá þarf einnig að greina hversu algengt er að greiðslutímabil sé lengt og hvort þörf sé á því að endurskoða almennt framkvæmd TR í þessum bótaflokki.

Meðal þess sem þar kemur til skoðunar er hvort meiri kröfur séu gerðar til starfsþjálfunaráætlana en áður. Séu auknar kröfur gerðar getur það leitt til þess að lengri bið verði eftir því að komast í starfsþjálfunarúrræði, sem aftur gerir það að verkum að einstaklingar fá greidda fjárhagsaðstoð lengur en áður var meðan beðið er eftir slíku úrræði.

Þetta atriði var rætt á fundi í VFRN 28. apríl 2014 og ákveðið að funda um verklag í þessum málum með fulltrúum TR. Sá fundur var haldinn í júní 2014. Málið tengist einnig innleiðingu á starfsgetumati (í stað örorkumats) sem m.a. hefur verið til umfjöllunar í nefnd þeirri sem undirbýr nýja heildarlöggjöf um almannatryggingar.

Heilbrigðisþjónusta

11. Sjúklingar með langtíma heilbrigðisvanda

Fram kemur í gögnum sem Reykjavíkurborg hefur tekið saman að sífellt stærri hluti þeirra sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu er óvinnufær vegna sjúkdóms svo mánuðum og misserum skiptir. Leggja hlutaðeigandi einstaklingar fram

¹¹ http://www.tr.is/media/tolutidindi/Tolutidindi_3_13_tolublad.pdf.

¹² Tölvupóstur TR dags. 7. nóvember 2013.

vottorð þar að lútandi sem gefin eru út af heilbrigðiskerfinu. Algengt er að þessi vottorð lýsi geðsjúkdómum.

Ráðgjafar borgarinnar telja að stór hluti þessa hóps ætti að vera í matsferli vegna lífeyrisgreiðslna enda sé það ekki hlutverk fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga að standa undir langtímaframtækni þeirra sem ekki geta séð sér farborða vegna veikinda.

12. Notendur heimahjúkrunar

Forsvarsmenn félagsþjónustu hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu hafa vakið máls á óljósum rétti einstaklinga til heimahjúkrunar. Er þar vísað til þess að stjórnvaldsákvæðanir hafi verið teknar innan heilsugæslunnar þar sem svo virðist sem einhliða endurskilgreining hafi farið fram á því hvað felist í þjónustuþáttum heimahjúkrunar.

13. Utangarðsfólk og einstaklingar með fíknisjúkdóma

Hér er um að ræða hóp sem er á gráu svæði milli heilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu. Einstaklingar í hópnum eiga flestir sammerkt að hafa átt við langvarandi heilsufarsvanda að stríða og í mörgum tilvikum er til staðar löng saga meðferðar og endurhæfingar án þess að árangur hafi verið í samræmi við úrræði.

Að mati sambandsins breytir sú staðreynd hins vegar hvorki eðli vandans né þeirri verkaskiptingu sem fylgja ber. Leggja verður áherslu á að flokka úrræði samkvæmt því meginmarkmiði sem þeim er ætlað að þjóna. Meðferðarúrræði, þar sem fyrst og fremst er verið að fást við vímuefnasjúkdóma, þurfa að njóta afgerandi stuðnings og fjármögnunar frá heilbrigðisþjónustunni og endurhæfingarúrræðum jafnvel þótt notendur þjónustunnar hafi jafnframt greiningu um geðfötlun.

Komið hefur á daginn að í faglegu tilliti er mjög óheppilegt að flokka þessi úrræði sem sérhæfða félagsþjónustu fyrir fatlað fólk. Hins vegar bera sveitarfélög skyldu til þess að veita þessum einstaklingum stuðning við athafnir daglegs lífs og hæfingu sem fötlun þeirra kallar á. Þá þarf einnig að bregðast við húsnæðismálum hópsins og innleiða svokallaða skaðaminnkandi nálgun gagnvart honum.

Í Reykjavík eru málefni þessa hóps aðkallandi og starfrækir borgin samráðshóp um það með þátttöku stofnana og félagasamtaka. Sambandið á aðild að hópnum og óskað hefur verið eftir því að nágrennasveitarfélög borgarinnar komi að málinu. Þá hefur einnig verið rætt að útvíkka megi hópinn þannig að hann nái til fulltrúa ráðuneyta.

Málið hefur einnig verið rætt í starfshópi sem endurskoðar lög um félagsþjónustu sveitarfélaga og lög um málefni fatlaðs fólks, en reikna má með að fyrstu frumvarpsdrög komi fram á fyrri hluta árs 2015.

Málefni aldraðs fólks

14. Notendur hjúkrunarheimila sem daggjöld eru greidd fyrir

Útreikningi á greiðslu daggjalda til margra hjúkrunarheimila er reglulega breytt að því er virðist til þess að laga daggjöldin að hagræðingarkröfu, sem frá 2009 hefur verið umtalsverð á hverju ári. Af þessari ástæðu endurspeglar daggjöldin

ekki raunverulegan kostnað af rekstri hjúkrunarheimila og má leiða að því rök að bilið milli daggjalda og kostnaðar fari sífellt stækkandi.

Allmörg hjúkrunarheimili eru rekin af sveitarfélögum, að hluta eða öllu leyti. Þá hafa önnur hjúkrunar- og dvalarheimili sent inn styrkbeiðnir til hlutaðeigandi sveitarstjórna til þess að mæta hallarekstri. Þar sem um mikilvæga nærþjónustu er að ræða hafa sveitarfélögin yfirleitt reynt eftir fremsta megni að koma til móts við slíkar beiðnir enda þótt aðstoðin feli í raun í sér niðurgreiðslu sveitarfélaga á öldrunarþjónustu.¹³ Ljóst er á hinn bóginn að látlaus samdráttur í greiðslum ríkisins til þessara hjúkrunarheimila bitnar einnig á þeirri þjónustu sem veitt er.

Staða mála hefur fengið sérstaka greiningu á Suðurnesjum eins og rakið er í skýrslu frá því í ágúst 2013.¹⁴ Niðurstöður þeirrar skýrslu eru sláandi um það hvað fyrirbyggjandi kerfi byggist í ríkum mæli á geðþóttaákvörðunum, bæði hvað varðar daggjöld en ekki síður varðandi úthlutanir úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Leiðir greiningin skýrt í ljós að Suðurnes (og Vestfirðir raunar einnig) hafa setið eftir í áherslum ríkisins á sviði öldrunarmála.

Þetta atriði var rætt á fundi í VFRN 28. apríl 2014. Boðað hefur verið að Ríkisendurskoðun muni skila skýrslu um málefni hjúkrunarheimila um mánaðarmót október/nóvember 2014.

15. Notendur dagvista yngri en 67 ára

Af hálfu sambandsins hefur verið bent á skörun ákvæða, annars vegar í lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, og hins vegar í lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks. Af þessari skörun spretta margvísleg álitamál um hvaða áhrif aldursmarkið 67 ára hafi á þjónustu skv. hvorum lögum fyrir sig.

Eftir því sem næst verður komist hafa sveitarfélögin almennt beitt því viðmiði að tilkall til þjónustu sem notandi hefur fengið skv. lögum um málefni fatlaðs fólks falli ekki niður við 67 ára aldur, heldur sé rétt að veita notanda áfram þjónustu, að teknu tilliti til þeirrar þjónustu sem honum stendur til boða úr þjónustukerfi aldraðra. Hins vegar eigi notandi ekki tilkall til þjónustu skv. lögum um málefni fatlaðs fólks ef hann fatlast eftir að 67 ára aldri er náð.

Þessi viðmið byggjast á ákveðinni venju sem mun hafa verið við lýði á flestum svæðisskrifstofum ríkisins fram að yfirfærslunni 1. janúar 2011.

Að teknu tilliti til slíkra sjónarmiða skýtur það skökku við að mati sambandsins að snúi málið á hinn veginn skuli velferðarráðuneytið beita lögskýringu sem beinlínis hefur í för með sér að útiloka fatlað fólk yngra en 67 ára, frá því að njóta dagdvalar í þjónustu- og félagsmiðstöðvum aldraðra.¹⁵ Ber þessi afstaða með sér að skyldur sveitarfélaga skuli túlkaðar rúmt en skyldur ríkisins þröngt.

Þetta atriði var rætt á fundi í VFRN 28. apríl 2014.

¹³ Víða er um stórar fjárhæðir að ræða, sbr. það að Akureyrarbæ reiknast til að framlag hans til öldrunarþjónustu, umfram greiðslur frá ríkinu, nemi 254 m.kr. á árinu 2013.

¹⁴ *Garðvangur hjúkrunarheimili, greining og tillögur fyrir Sveitarfélagið Garð og Sandgerðisbæ*. Skýrsluhöfundur er Haraldur L. Haraldsson hagfræðingur.

¹⁵ Sbr. bréf velferðarráðuneytisins til Akureyrarbæjar, dags. 30. september 2013, þar sem synjað er beiðni um undanþágu vegna tveggja fatlaðra einstaklinga sem báðir eru 65 ára gamlir.

16. Ferðabjónusta fyrir íbúa hjúkrunarheimila

Samkvæmt kröfulýsingu velferðarráðuneytisins fyrir öldrunarþjónustu (útgáfa 2, dags. 24. janúar 2013) skal þjónustuaðili leitast við að gefa kost á ferðum út í samfélagið á eigin kostnað heimilismanna svo komið verði á mótis við þarfir sem flestra til félagslegra samskipta og samveru. Ennfremur er kveðið á um skyldu hjúkrunarheimilis til að veita heimilismanni nauðsynlega sjúkraflutninga sem á meðal annars við um heimsóknir til sérfræðilækna og rannsóknir vegna meðferðar. Bera hjúkrunarheimili allan kostnað af þeim flutningi.

Í þessum þjónustubætti kemur fram grátt svæði í þeim tilvikum þar sem íbúi hjúkrunarheimilis er yngri en 67 ára, en jafnframt þegar íbúi hefur notið ferðabjónustu skv. reglum sem settar eru á grundvelli laga um málefni fatlaðs fólks.

Úrskurðarnefnd félagsþjónustu og húsnæðismála m.a. nefnt í úrskurðum sínum um ferðabjónustu fyrir fatlað fólk að lög um málefni fatlaðs fólks og lög um málefni aldraðra skarist að einhverju leyti.¹⁶ Nefndin tekur þó jafnframt fram að hvorki í lagaákvæðum um ferðabjónustu né lögskýringargögnum með þeim komi fram að það hafi verið ætlun löggjafans að undanskilja sérstaklega fatlað fólk sem býr á hjúkrunarheimili eða í þjónustu- og öryggisíbúð frá því að njóta ferðabjónustu.

Málið hefur verið rætt í tengslum við endurmat á yfirfærslu MFF og ennfremur komið til skoðunar í starfshópi sem endurskoðar lög um félagsþjónustu sveitarfélaga og lög um málefni fatlaðs fólks.

Málefni fatlaðs fólks

17. Notendur táknmálstúlkunar

Í aðdraganda að setningu laga nr. 61/2011, um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls, var tekist nokkuð á um það hvernig fjallað yrði í lögnum um skyldur ríkis og sveitarfélaga gagnvart notendum táknmáls.

Af hálfu sambandsins var gerð skýr krafa um að slíkar skyldur færu í gegnum kostnaðarmat gagnvart sveitarfélögnum þar sem um afar viðamikil mál væri að ræða. Í því sambandi var á það benti hvaða kostnað skólar hefðu haft af túlkun í framhaldi af setningu nýrra menntalaga sumarið 2008.

Ekki var orðið við kröfu sambandsins og í kostnaðarmati fjármálaráðuneytis vegna ríkisstofnana var reynt að draga úr því að kveðið væri á um „rétt“ til aðstoðar, hvort sem um væri að ræða þá sem nota táknmál eða útlendinga sem

¹⁶ Sjá tvo úrskurði sem kveðnir voru upp í júní 2013 og vörðuðu annars vegar Kópavogsbæ og hins vegar Vesturbyggð:

http://www.urskurdir.is/Felagsmala/U_felags_hus/nr/6072 og

http://www.urskurdir.is/Felagsmala/U_felags_hus/nr/6076. Í báðum málum var það

niðurstaða úrskurðarnefndarinnar að ekki væri upplýst hvort og hvaða almennu þjónustu kærandi ætti rétt á skv. lögum um málefni aldraðra. Sveitarfélögin hefðu því ekki getað lagt mat á hvort þjónustupörf kæranda hafi verið meiri en svo að henni yrði fullnægt innan almennrar þjónustu, sbr. 7. gr. laga nr. 59/1992. Ákvarðanir Kópavogsbæjar og Vesturbyggðar voru því felldar úr gildi og vísað til nýrrar meðferðar hjá félagsþjónustunni.

ekki skilja íslensku. Lagt var upp með að frumvarpið fæli í sér „almenn stefnumið“ sem útfærð yrðu í öðrum lögum á einstökum málavæðingum, eins og um meðferð einkamála og sakamála, löggjöf um skólamál, lögum um félagsþjónustu og stjórnsýslulögum. Taldi ráðuneytið ekki ástæðu til að ætla að ákvæði frumvarpsins um réttindi til náms í íslensku og íslensku táknmáli og rétt til túlkþjónustu fyrir þá sem ekki skilja íslensku þyrftu „beinlínis“ að hafa í för með sér breytingar á núverandi framkvæmd.

Þessar ályktanir reyndust hæpnar enda hafa engar tillögur komið fram eftir samþykkt lagana um nánari útfærslu í öðrum lögum. Lagasetningin hefur því skapað mjög óljós ábyrgðarskil í raun bæði fyrir ríki og sveitarfélög. Sveitarfélögin er þó undir munu meiri útgjaldaþrýstingi sökum þess að málaflókkur fatlaðs fólks er þeim megin hryggjar.

Á vettvangi VFRN er unnið að gerð svonefndrar framkvæmdaáætlunar II um þjónustu við heyrnarlausu, heyrnarskerta og daufblinda einstaklinga 2014 – 2020. Stefnt er að því að áætlunin verði lögð fyrir Alþingi sem tillaga til þingsályktunar. Af hálfu sambandsins hefur verið lögð megináhersla á að tillagan fái vandað kostnaðarmat, bæði gagnvart sveitarfélögum og stofnunum ríkisins.

18. Fatlað fólk sem úrskurðað hefur verið til öryggisgæslu

Við yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga var skilgreint nákvæmlega hvaða þjónustubættir flyttust yfir.¹⁷ Eftir yfirfærsluna hafa hins vegar komið upp álitamál hvar faglegt og fjárhagslegt forræði liggja gagnvart fötluðu fólki sem ákveðið hefur verið að sæti öryggisgæslu. Sérstaklega er þá horft til þess hver skuli bera kostnað sem til fellur vegna fatlaðra einstaklinga sem eru sjálfum sér og öðrum hættulegir og sæta sérstakri meðferð af þeirri ástæðu. Hér er ekki um marga einstaklinga að ræða, en kostnaður við gæslu og þjónustu er hins vegar mjög hár, jafnvel á bilinu 25 - 50 m.kr. á ári.

Sambandið hefur lýst þeirri skoðun að það falli ekki undir lögbundnar skyldur sveitarfélaga skv. lögum nr. 59/1992, að annast öryggisgæslu. Þá sé öryggisgæsla ekki nefnd meðal þátta sem fluttust til sveitarfélaga við yfirfærsluna. Bent er á að greina beri á milli þjónustu og réttargæslusjónarmiða, með því að þjónustu við fatlað fólk eigi að veita skv. meginreglum um sjálfstætt líf og sjálfsforræði einstaklingsins. Það samrýmist alls ekki þeim markmiðum að sveitarfélögum sé ætlað að beita og standa fjárhagslega undir úrræðum sem ákveðin eru á forsendum réttarvörslukerfisins.

Þar sem ákvörðun um öryggisgæslu á sér ætíð nokkurn aðdraganda er ljóst að reyna mun á nokkur tilvik á næstu misserum. Mikilvægt er að fjallað verði heildstætt um þessi tilvik og ákvarðanir teknar um hlutdeild réttarvörslukerfis ríkisins í öryggisgæslubættinum.

Unnið er að gerð samkomulags milli VFRN og Akureyrarbæjar um framkvæmdina. Þá hefur málefnið komið til skoðunar í starfshópi sem endurskoðar lög um félagsþjónustu sveitarfélaga og lög um málefni fatlaðs fólks.

¹⁷ Sbr. 1. gr. heildarsamkomulags um yfirfærsluna frá 23. nóvember 2010: <http://www.velferdarraduneyti.is/media/utgafa2010/SamkomulagTilfaerslaThjonustuFatladra.pdf>.

19. Notendur með fjölþætta þjónustu og NPA-samning

Í tengslum við yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga var sett á laggirnar reynsluverkefni um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA). Hugmyndafræði verkefnisins var þróuð af verkefnisstjórn en velferðarráðuneytið gaf síðan út leiðbeinandi reglur til sveitarfélaga um innleiðinguna.¹⁸ Í reglunum er skýrlega gert ráð fyrir því að inn í samninga við notendur komi þjónustuþættir sem ríkið ber ábyrgð á og sem NPA-þjónusta leysir af hólmi. Ríkisstofnanir komi þannig inn með kostnaðarhlutdeild í NPA-samningum.

Velferðarráðuneytið hefur margsinnis boðað að tilmæli yrðu gefin út til undirstofnana þess um að taka þátt í gerð NPA-samninga skv. ofangreindu. Þau tilmæli hafa hins vegar enn ekki litið dagsins ljós. Afleiðingin er m.a. sú að stofnanir ráðuneytisins (einkum heilsugæslan vegna heimahjúkrunar) líta fremur á gerð NPA-samninga sem tækifæri til þess að losna við kostnað af lögbundinni þjónustu við notendur. Í öðrum tilvikum kann afleiðingin að verða tvíverknadur þar sem ríkið er áfram að veita þjónustu sem NPA-samningur, fjármagnaður af sveitarfélögum, ætti að taka yfir.

NPA-samningar eru nú 51 talsins og heildarkostnaður vegna þeirra um 577 m.kr. á ári.¹⁹ Auk þess hafa beingreiðslusamningar allengi verið við lýði um fötlunarþjónustu sem eru mjög svipaðir NPA-samningum að uppbyggingu. Slíkir samningar eru um 60 talsins hjá Reykjavíkurborg og er fjárhæð þeirra um 200 m.kr. á ári.

Ekki hefur farið fram greining á því hver hlutdeild stofnana ríkisins eigi með réttu að vera í gildandi samningum, en mikilvægt er að taka af skarið um tilmæli ráðuneytisins þar að lútandi til þess að verkefnið skili þeirri reynslu sem lagt var upp með.

Málið hefur verið til umfjöllunar við umræður um framlengingu á reynsluverkefni um NPA.

20. Einstaklingar á vistunardeildum Landspítala

Þann 25. september 2013 var gerður samningur milli Landspítalans og Áss styrktarfélags um þjónustu við 10 fatlaða einstaklinga sem um langt árabil hafa búið á vistunardeildum spítalans í Kópavogi. Samhliða var gerður húsaleigusamningur þar sem styrktarfélagið tekur á leigu húsnæðið.

Samningunum fylgir bókun af hálfu velferðarráðuneytisins þar sem fram kemur að þegar verði hafin vinna við það að íbúarnir flytjist úr núverandi húsnæði í framtíðaríbúðir sem fullnægi þeim skilyrðum sem fram koma í reglugerð nr. 1054/2010, um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu. Ráðuneytið hyggst leiða þá vinnu og leggur jafnframt áherslu á að þjónusta við hlutaðeigandi einstaklinga færist yfir á ábyrgð sveitarfélaga. Segir síðan í bókuninni:

„Gert er ráð fyrir því að sú fjárhæð sem tilgreind er í samningi þessum muni fylgja verkefninu til sveitarfélaganna. Húsnæðis[...]kostnaður er þar undanskilinn.“ (undirstrikun sambandsins).

¹⁸ <http://www.velferðarraduneyti.is/npa/leidbeiningar-fyrir-sveitarfelog-um-npa/>.

¹⁹ Samkvæmt upplýsingum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna 2014.

Af hálfu sambandsins hefur verið gerð athugasemd við að velferðarráðuneytið ráðgeri að flytja ábyrgð á þjónustu við umrædda einstaklinga yfir til sveitarfélaga án þess að gera jafnframt ráð fyrir kostnaði sem verður samfara því að notendur flytji í framtíðaríbúðir. Um er að ræða notendahóp í þörf fyrir sértæk húsnæðisúrræði, þ.e. með aukarými vegna fötlunar (sólarhringsvakt).

Sveitarfélög hafa að undanfögnu verið að gera áætlanir um uppbyggingu nýrra, sértækra húsnæðisúrræða í málefnum fatlaðs fólks. Athygli vekur að ákvæði reglugerðar nr. 1054/2010 og nýrrar byggingarreglugerðar setja mikinn útgjaldaþrýsting á sveitarfélögin sem framkvæmdaaðila. Að teknu tilliti til þeirrar reynslu telja sérfræðingar sambandsins viðbúið að húsnæðiskostnaður til framtíðar, vegna þeirra notenda sem samningur Landspítala og styrktarfélagins tekur til, kunni árlega að hlaupa á miljónatugum.

Þetta atriði hefur verið til umræðu í verkefnisstjórn um endurmat á yfirfærslu þjónustu við fatlað fólk.

Aðrir hópar

21. Innflytjendur

Ríkið endurgreiðir fjárhagsaðstoð sem sveitarfélög veita innflytjendum, einkum á fyrstu tveimur árum eftir lögheimilisskráningu, sbr. 15. gr. laga nr. 40/1991.

Í upplýsingum sem velferðarráðuneytið hefur tekið saman kemur fram að á grundvelli umræddrar tveggja ára reglu hafi ríkið endurgreitt sveitarfélögum u.þ.b. 41,5 m.kr. vegna tímabilsins frá 30. nóvember 2012 til 31. október 2013. Um sé að ræða nálægt 80 einstaklinga og virðist hópurinn skiptast nokkuð jafnt á milli EES-borgara og utan EES-borgara. Einnig kemur fram að ráðuneytið hafi orðið við langflestum beiðnum sveitarfélaga um endurgreiðslu.

Erlendum ríkisborgurum, búsettum á Íslandi, hefur farið mjög fjölgandi undanfarin misseri. Þannig fjölgaði erlendum ríkisborgurum um 600 á árinu 2012 og samkvæmt nýjum tölum voru aðfluttir erlendir ríkisborgarar 3.920 talsins árið 2013 (aðfluttir umfram brottflutta 1.570 það ár). Með sama hætti má sjá að 890 aðfluttir erlendir ríkisborgarar töldust aðfluttir á fyrsta ársfjórðungi 2014 (aðfluttir umfram brottflutta eru taldir 390 á því tímabili).

Að mati sambandsins er ástæða til að skýra framkvæmd endurgreiðslna. Einnig má ætla að skortur á upplýsingum um það á hvaða grundvelli EES-borgarar koma hingað til lands spili hér inn í. Sambandið hefur því hvatt sveitarfélög til þess að standa vel að umsóknum um endurgreiðslur vegna yfirstandandi tímabils, sem nær frá 1. nóvember 2013 til 31. október 2014.

22. Almennir notendur heilbrigðisþjónustu (lyfja, tannlækninga o.fl.)

Stjórnendur í velferðarþjónustu Akureyrarbæjar hafa, ásamt fleiri félagsmálastjórum, vakið athygli á því að aukningu í greiðslum vegna fjárhagsaðstoðar á síðast liðnum árum megi m.a. rekja til umsókna þar sem hlutaðeigandi getur ekki staðið undir aukinni kostnaðarhlutdeild í nauðsynlegum lyfjakaupum, tannlækna- og barna- og hækkingum á komugjöldum.

Heildaráhrif þessarar þróunar hafa ekki verið greind, en augljóst er að niðurskurður og hagræðing í heilbrigðisþjónustu ríkisins setur aukinn

útgjaldaþrýsting á sveitarfélögin, enda eru í reglum þeirra flestra ákvæði um slíkan stuðning.

23. Viðtakendur fjárhagsaðstoðar sem veitt er á biðtíma hjá TR eða VMST

Sambandið hefur bent á að þörf sé á að lögfesta ákvæði um skyldu opinberra stofnana, einkum TR og VMST, til að ráðstafa örorkugreiðslum eða atvinnuleysisbótum til viðkomandi sveitarfélags í þeim tilvikum þegar umsækjandi um bætur hefur notið tímabundinnar fjárhagsaðstoðar á meðan umsókn er í vinnslu hjá þessum stofnunum. Að jafnaði hefur umsækjandi gert samning við félagsþjónustu sveitarfélaga um að endurgreiða aðstoðina en heimtur eru mjög litlar vegna þess að ekki er hægt að ganga að örorku- og atvinnuleysisbótum þegar þær koma til greiðslu vegna þess að lagaheimild skortir. Í þessum tilvikum er umsækjandi því í reynd að fá greiddar bætur til framfærslu frá tveimur aðilum (stofnun og sveitarfélagi) vegna sama tímabils.

Mikilvægt er að ríki og sveitarfélög séu samstíga í viðbrögðum við þessum vanda og að stofnanir ríkisins forðist þá tilhneigingu að breyta verklagi í sparnaðarskyni. Sjá hefur mátt tilburði til þess að bætur séu ekki miðaðar við móttöku umsóknar heldur það tímamark þegar ákvörðun er tekin og að heimildir til þess að greiða bætur aftur í tímann séu ekki nýttar.

Þetta atriði var rætt á fundi í VFRN 28. apríl 2014 sem og á fundi með fulltrúum TR í júní 2014.

24. Fangar í afplánun sem sækja um fjárhagsaðstoð frá lögheimilissveitarfélagi

Félagsþjónustunefnd sambandsins hefur fjallað um stöðu fanga, sem afplána refsivist, en sækja um fjárhagsaðstoð frá sínu sveitarfélagi m.a. vegna tannlæknakostnaðar. Tílefni umfjöllunarinnar var álit frá umboðsmanns Alþingis í máli þar sem félagsmálaráð Akureyrarbæjar hafði synjað um styrk vegna gleraugnakaupa og tannlæknakostnaðar út frá því sjónarmiði að sá sem afplánar fangelsisrefsingu eigi ekki rétt á fjárhagsaðstoð frá lögheimilissveitarfélagi sínu á grundvelli laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga.²⁰ Úrskurðarnefnd félagsþjónustu staðfesti niðurstöðuna en í álitu sínu komst umboðsmaður að þeirri niðurstöðu, að núgildandi ákvæði laga nr. 49/2005, um fullnustu refsinga, mæli ekki fyrir um skyldur fangelsisyrvalda til að veita föngum almenna aðstoð til að standa undir framfærsluskyldu sinni. Var afstaðan sú að löggin gerðu almennt ekki ráð fyrir því að fangar séu „á framfæri ríkisins“ á meðan þeir eru í afplánun.

Félagsþjónustunefnd sambandsins taldi að mál af þessum toga sýndu greinilega að meinbugir séu á þeim lögum sem gilda um fullnustu refsinga þ.e. að skýrt sé kveðið á um réttarstöðu fanga og greint með tæmandi hætti hvaða áhrif frelsisvipting af hálfu ríkisvaldsins hafi á réttindi og skyldur þeirra sem fyrir henni verða.

Innanríkisráðuneytið hefur kynnt drög að frumvarpi um fullnustu refsinga og mun sambandið í umsagnavinnu sinni leggja áherslu á að ákvæði taki af skarið um að hlutir á borð við tannlæknakostnað séu greiddir af fangelsiskerfinu.

²⁰ <http://umbodsmaduralthingis.is/ViewCase.aspx?Key=1352&skoda=mal>.



STEFNUMÖRKUN

SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA
2014–2018

Samþykkt af stjórn sambandsins 21. nóvember 2014
á grundvelli umfjöllunar á XXVIII. landsþingi sambandsins



Stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2014–2018
© Samband íslenskra sveitarfélaga 2014/31 – Nóvember 2014
Borgartúni 30
Pósthólf 8100 – 128 REYKJAVÍK
Ábyrgðarmenn: Framkvæmdastjóri og sviðsstjórar sambandsins.

Formáli

Stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2014–2018 var mótuð á XXVIII. landsþingi sambandsins sem haldið var á Akureyri 24. til 26. september 2014. Á landsþinginu störfuðu fjórir umræðuhópar sem hver hafði einn hinna fjögurra undirkafla stefnumörkunarinnar til umfjöllunar. Voru umræður landsþingsfulltrúa byggðar á stefnumótunarskjali sem starfsmenn sambandsins höfðu tekið saman á grundvelli stefnumörkunar Sambands íslenskra sveitarfélaga 2011–2014.

Á landsþinginu var samþykkt að vísa stefnumörkuninni til endanlegrar umfjöllunar og afgreiðslu hjá stjórn sambandsins. Samþykkt landsþingsins var svohljóðandi:

XXVIII. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkir að vísa drögum að stefnumörkun sambandsins til frekari úrvinnslu og afgreiðslu hjá stjórn sambandsins á grundvelli athugasemda sem fram hafa komið á þinginu.

Stjórn sambandsins hefur á tveimur fundum sínum fjallað um drög að stefnumörkun og samþykkti hana á fundi 21. nóvember 2014.

Stefnumörkun sambandsins nær til flestra meginþátta í starfsemi sambandsins og sveitarfélaga og mun nýtast sem sterk leiðsögn við ákvarðanatöku stjórnar og vinnu starfsmanna sambandsins næstu fjögur ár og jafnframt fyrir þá fulltrúa sem tilnefndir eru á vegum sambandsins í nefndir, ráð og stjórnir.

Meginflokkar stefnumörkunarinnar eru:

1 Meginmarkmið og leiðarljós

2 Hlutverk sambandsins

3 Undirmarkmið og leiðir:

3.1 Sveitarfélögin inn á við og út á við

3.2 Traustur grundvöllur

3.3 Velferðin í öndvegi

3.4 Tengsl manna og umhverfis

Það er afar mikilvægt fyrir sveitarstjórnarstigið í landinu, vöxt þess og viðgang, að stefnumörkun þess sé vönduð og skýr. Um hana þarf jafnframt að ríkja sem breiðust samstaða og forsenda þess er að sem flestir sveitarstjórnarmenn komi að mótun hennar. Á landsþinginu á Akureyri tóku um 200 fulltrúar nær allra sveitarfélaga landsins þátt í að ræða og móta stefnumörkunina. Með markvissri stefnumótunavinnu á landsþinginu varð til skýr stefna í málefnum sveitarstjórnarstigsins næstu fjögur árin. Hagsmunagæslan af hálfu sambandsins mun því byggja á sterkum stöðum og verða mun áhrifameiri og skilvirkari en annars væri. Skýr sameiginleg stefnumörkun sveitarstjórnarmanna mun því styrkja og efla sveitarstjórnarstigið í heild sinni.

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Formáli | 3 |
| Efnisyfirlit | 4 |
| 1 Meginmarkmið og leiðarljós | 5 |
| 2 Hlutverk sambandsins | 7 |
| 3 Undirmarkmið og leiðir | 8 |
| 3.1 Sveitarfélögin inn á við og út á við | 8 |
| 3.2 Traustur grundvöllur | 11 |
| 3.3 Velferðin í öndvegi | 15 |
| 3.4 Tengsl manna og umhverfis..... | 20 |

1 Meginmarkmið og leiðarljós

| Sveitarstjórnarstigið og sjálfstjórn sveitarfélaga | |
|--|--|
| 1.1 | Sterk staða sveitarstjórnarstigsins er ein meginstoð velferðar íbúanna. |
| 1.2 | Sveitarstjórnarstigið á að vera hornsteinn lífsgæði og mannréttinda. |
| 1.3 | Sjálfstjórn sveitarfélaga skal viðurkennd og tryggð í reynd á grundvelli ákvæða í landslögum, stjórnarskrá og sáttmála Evrópuráðsins um sjálfstjórn sveitarfélaga. |
| 1.4 | Skipulagsvaldið er einn af hornsteinum sjálfstjórnarréttar sveitarfélaganna sem skal virða. |

| Tekjustofnar og tekjur sveitarfélaga | |
|--------------------------------------|--|
| 1.5 | Sveitarfélögum skulu tryggðir nauðsynlegir tekjustofnar í samræmi við þau verkefni sem þeim eru falin í stjórnarskrá og lögum. Þeir skulu vera nægjanlega fjölþættir og sveigjanlegir í eðli sínu svo þeir geti staðið undir þeirri fjölbreyttu þjónustu sem íbúar þeirra kalla eftir. |
| 1.6 | Skattlagning af hálfu sveitarfélaga skal vera hófleg og byggja á því, að ábyrgðar og hagkvæmni sé gætt við framkvæmd og fjármögnun þjónustunnar. |
| 1.7 | Nýta skal jöfnunarkerfi til að gera öllum sveitarfélögum kleift að sinna lögboðnum verkefnum með sambærilegum hætti. |

| Verkefni sveitarfélaga | |
|------------------------|---|
| 1.8 | Verkaskipting í opinberri stjórnarsýslu skal miðast við að sveitarfélögin annist nærþjónustu, enda geti þau nýtt sér þá þekkingu sem þau hafa á nærsamfélaginu með tilheyrandi möguleikum á sveigjanlegum lausnum við framkvæmd þjónustunnar. Nýjar reglur eða kröfur af hálfu ríkisins um hækkun þjónustustigs skulu ávallt háðar kostnaðarmati og ákvörðun sem tryggir fullnægjandi fjármögnun. |
| 1.9 | Lögð skal áhersla á að haft verði fullt samráð við sveitarfélögin um lagabreytingar á skipulagi almannaþjónustu, sem þeim er falin framkvæmd á með lögum. |
| 1.10 | Sú meginregla skal viðurkennd að kveðið sé á um verkefni sveitarfélaga í ramma- og markmiðslögum, þannig að þau hafi svigrúm til staðbundinnar aðlögunar við framkvæmd þeirra. |
| 1.11 | Fylgt verði eftir meginmarkmiðum sjálfbærrar þróunar, þ.e. félagslegu réttlæti, ábyrgri fjármálastjórn, varðveislu lífvænlegs umhverfis og náttúru landsins, íbúum til hagsbóta. |

Mannréttindi og mannauður

| | |
|-------------|---|
| 1.12 | Sveitarfélög verði samfélög án aðgreiningar. Stefnt skal að því að jafnréttis- og jafnræðissjónarmið verði fléttuð inn í alla stefnumótun sveitarfélaganna og í lagasetningu sem snýr að sveitarfélögunum. Stefnt skal að því að eyða allri mismunun, svo sem vegna búsetu, aldurs, kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. |
| 1.13 | Íbúar sveitarfélaga eigi kost á samfelldri og heildstæðri velferðarþjónustu sem skipulögð er með þarfir íbúanna í huga. |
| 1.14 | Stefna sveitarfélaga í mannauðsmálum myndi skýra umgjörð um þau starfsskilyrði sem þau bjóða starfsmönnum sínum. Kappkostað skal að rækta sem best þann mannauð sem í starfsmönnum býr þannig að hver þeirra fái notið hæfileika sinna svo þeir geti betur sinnt starfi sínu, sjálfum sér og starfseminni til hagsbóta. Gætt skal jafnréttis milli kvenna og karla og að hver starfsmaður sveitarfélaga verði metinn á eigin forsendum. |

2 Hlutverk sambandsins

| Hlutverk sambandsins er: | |
|--------------------------|--|
| 2.1 | Að styrkja íslenska sveitarstjórnarstigið og stuðla að framþróun í starfsemi sveitarfélaganna. |
| 2.2 | Að koma fram sem málsvari íslenskra sveitarfélaga. |
| 2.3 | Að standa vörð um hagsmuni sveitarfélaganna og hafa frumkvæði að því að ná fram sameiginlegum hagsmunamálum þeirra. |
| 2.4 | Að vera fulltrúi íslenskra sveitarfélaga gagnvart ríkisvaldinu og öðrum innlendum sem erlendum aðilum er láta sig sveitarstjórnarmálefni varða. |
| 2.5 | Að sjá til þess að stefnumörkun landsþinga sambandsins sé framfylgt og að starfsemi sambandsins sé á hverjum tíma hagað í samræmi við samþykktir þess. |
| 2.6 | Að þjóna sveitarfélögum á sviði mannauðsmála og vinnumarkaðsmála, annast kjarasamningsgerð og hafa fyrirvar í kjaramálum fyrir þau sveitarfélög sem veita umboð sitt til þess. |
| 2.7 | Að þjóna sveitarfélögum sérstaklega á sviði stjórnsýslu, skólamála, félagsþjónustu, skipulags- og umhverfismála, hag- og upplýsingamála, alþjóða- og þróunarmála, menningar-, æskulýðs- og íþróttamála og á öðrum þeim sviðum sem sveitarfélög kalla eftir í takt við þróun og breytingar í umhverfi þeirra. Sambandið skal í allri þjónustu við sveitarfélögin gæta þess að gæði stjórnsýslu og þjónustu sveitarfélaganna séu höfð í fyrirrúmi. |
| 2.8 | Að miðla upplýsingum og þekkingu til sveitarfélaga um leiðir til að bæta gæði þjónustu og stjórnsýslu sveitarfélaga. |
| 2.9. | Að vinna að almennri fræðslu um sveitarstjórnarmál með ráðstefnu-, námskeiða- og fundahaldi og útgáfu- og upplýsingastarfsemi fyrir sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga og nýta til þess nýjustu tækni eins og kostur er hverju sinni. |
| 2.10 | Að safna og miðla samtímaupplýsingum um starfsemi sveitarfélaga og stuðla að rannsóknum og upplýsingamiðlun um málefni þeirra. |
| 2.11 | Að stunda góða starfshætti, skilvirkni og vönduð vinnubrögð og leitast við að hafa samráð og samstarf við alla þá aðila sem láta sig verkefni sveitarfélaga varða. |

3 Undirmarkmið og leiðir

Á kjörtímabilinu 2014–2018 skulu stjórn og starfsmenn Sambands íslenskra sveitarfélaga beina kröftum sínum að eftirfarandi undirmarkmiðum.

3.1 SVEITARFÉLÖGIN INN Á VIÐ OG ÚT Á VIÐ

| Sveitarfélögin og sveitarstjórnarstigið | |
|---|---|
| 3.1.1 | Sambandið skal gæta hagsmuna sveitarstjórnarstigsins við endurskoðun stjórnarskrárinnar. |
| 3.1.2 | Sambandið skal vinna að því að við lagasetningu verði ávallt metið hvaða áhrif tillögur um lagabreytingar hafi á sjálfsstjórnarrétt sveitarfélaga. Jafnframt verði fest í stjórnarskrá að sveitarfélög eigi réttarfarsleg úrræði til að bregðast við brotum gegn sjálfsstjórnarrétti sínum. |
| 3.1.3 | Sambandið skal styðja við stækkun og eflingu sveitarfélaga með frjálsum sameiningum og eflingu íbúalýðræðis, en skal jafnframt standa fyrir umræðu og skoðun á mögulegum sameiningum sveitarfélaga og eflingu sveitarstjórnarstigsins eftir öðrum leiðum. |
| 3.1.4 | Sambandið skal hlutast til um að gerð verði úttekt á kjörum og starfsumhverfi kjörinna fulltrúa og ástæðum mikillar endurnýjunar í þeirra röðum. Á grundvelli hennar verði lagðar fram tillögur til úrbóta og að leiðbeinandi viðmiðum. |

| Samskipti ríkis og sveitarfélaga | |
|----------------------------------|--|
| 3.1.5 | Sambandið skal vinna að því að bundnar verði í lög samskiptareglur ríkis og sveitarfélaga með það að leiðarljósi að samskiptin verði bæði öguð og formföst. Efldur verði gagnkvæmur skilningur og virðing fyrir samningnum, viðfangsefnum og þörfum hvors aðila fyrir sig. |
| 3.1.6 | Sambandið skal leggja áherslu á að þjónusta á vegum ríkisins verði sem víðast á landinu til að auka fjölbreytni starfa og menntunar. |
| 3.1.7 | Sambandið skal vinna að því að tryggt verði, eins og kostur er, að heilbrigðisþjónusta sé örugg og aðgengileg fyrir alla landsmenn. Góð heilbrigðisþjónusta er einn af hornsteinum velferðar á Íslandi og getur skipt sköpum í búsetuvali. |
| 3.1.8 | Sambandið skal vinna að því að byggðamál verði vistuð í sama ráðuneyti og sveitarstjórnarmál, ásamt samgöngu-, skipulags- og byggingarmálum. |

| Lýðræði og kosningalöggjöfin | |
|-------------------------------------|--|
| 3.1.9 | Sambandið skal styðja sveitarfélögin við að ná tökum á þátttökulýðræði og öðrum nýmælum í lýðræðisátt, m.a. með því að standa fyrir málþingi fyrir sveitarfélög og huga að auknu íbúalýðræði sem leið til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga. |
| 3.1.10 | Sambandið skal vinna að auknu samstarfi sveitarfélaga og samstarfi ríkis og sveitarfélaga að framþróun rafrænnar stjórnsýslu og hagnýtingu upplýsingatækni í samskiptum þeirra við íbúana. |
| 3.1.11 | Siðanefnd sambandsins skal styðja sveitarstjórnir við að taka siðferðisleg álitæfni og viðbrögð við þeim til umræðu innan sinna sveitarfélaga og við að þau sem ekki hafa þegar sett sér siðareglur geri það. |
| 3.1.12 | Sambandið skal hvetja til umræðu á sveitarstjórnarstigi um kosti þess og galla að taka upp aukið persónukjör í almennum kosningum. |
| 3.1.13 | Sambandið skal vinna að því að ákvæðum um útstríkanir í lögum um kosningar til sveitarstjórna verði breytt til samræmis við samsvarandi ákvæði í lögum um kosningar til Alþingis. |
| 3.1.14 | Sambandið skal beita sér fyrir því að í lögum um sveitarstjórnarkosningar verði tekin upp ákvæði um rafrænar kjörskrár. Sambandið skal jafnframt styðja tilraunaverkefni um rafrænar íbúakosningar sem innanríkisráðuneytið og Þjóðskrá Íslands standa fyrir og leiðbeina sveitarfélögum sem hafa áhuga á að taka þátt í verkefninu. Loks skal sambandið hvetja til umræðu á sveitarstjórnarstigi um kosti þess og galla að taka upp rafrænar kosningar að hluta eða heild á sveitarstjórnarstigi. |
| 3.1.15 | Sambandið skal beita sér fyrir því að rannsóknir á kjörsókn við sveitarstjórnarkosningar verði eflar og afla upplýsinga um til hvaða ráða aðrar þjóðir hafa gripið til þess að auka kjörsókn. Niðurstöður verði nýttar til þess að auka umræður á sveitarstjórnarstigi um leiðir og tækifæri til þess að vekja áhuga fólks á kosningum til sveitarstjórna. Niðurstöðurnar verði jafnframt nýttar til mats á hvort tilefni sé til að breyta dagsetningu sveitarstjórnarkosninga og fyrirkomulagi utankjörfundaratkvæðagreiðslu og aðgengi að henni. |

| Byggðamál og svæðasamvinna sveitarfélaga | |
|---|--|
| 3.1.16 | Sambandið skal í samvinnu við landshlutasamtök sveitarfélaga beita sér fyrir eflingu sóknaráætlanaverkefnisins, m.a. með auknum fjárveitingum frá ríkinu til verkefnisins, aukinni samþættingu opinberra áætlana og meira forræði heimamanna á uppbyggingu á sínum svæðum. |
| 3.1.17 | Sambandið skal hafa virkt samstarf við Byggðastofnun og koma sjónarmiðum sveitarfélaga, m.a. varðandi byggðaðróun, á framfæri við stofnunina. |

Alþjóðamál

| | |
|---------------|--|
| 3.1.18 | Sambandið skal standa vörð um hagsmuni sveitarfélaga gagnvart ESB, standa fyrir upplýstri umræðu um Evrópumál, bæði vegna EES-samningsins og aðildarumsóknar, ef viðræður verða teknar upp að nýju, og miðla hlutlægum upplýsingum m.t.t. hagsmuna sveitarfélaganna. Til að tryggja hagsmunagæslu sambandsins á þessu sviði skal sambandið beita sér fyrir því að Brussel-skrifstofa sambandsins verði fest í sessi með varanlegri fjármögnun frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. |
| 3.1.19 | Sambandið skal vinna að því að sveitarfélög geti nýtt sér tækifærin sem liggja í norrænu og öðru evrópsku samstarfi og alþjóðasamstarfi, bæði til ávinnings og framþróunar starfsemi sinnar og til að miðla þekkingu sinni til aðila í öðrum löndum. |

3.2 TRAUSTUR GRUNDVÖLLUR

| Fjármál og tekjustofnar sveitarfélaga | |
|---------------------------------------|--|
| 3.2.1 | Sambandið skal vinna að því að breikka og styrkja tekjustofna sveitarfélaga. |
| 3.2.2 | Sambandið skal styrkja þekkingu kjörinna fulltrúa og lykilstarfsmanna sveitarfélaganna á rekstri og fjármálastjórn, undirbúningi og vinnslu fjárhagsáætlana og eftirfylgni þeirra til þess að þeir séu betur í stakk búnir til þess að vinna að bættum rekstri sveitarfélaganna. |
| 3.2.3 | Sambandið skal vinna að því að endurgreiðsla virðisaukaskatts, sem leggst ofan á almenna starfsemi og fjárfestingar sveitarfélaganna, verði tekin til gagnerrar endurskoðunar með það að markmiði að starfsemi sveitarfélaganna myndi ekki skattstofn fyrir ríkið. |
| 3.2.4 | Sambandið skal vinna að því að ríkisvaldið beri eðlilegan og sanngjarnan hlut í kostnaði við refa- og minkaveiðar. |
| 3.2.5 | Sambandið skal vinna að því að sveitarfélögin fái hlutdeild í hinum almenna hluta tryggingargjalds til að standa undir aukningu á kostnaði við fjárhagsaðstoð og virkniúrræðum fyrir notendur félagsþjónustu sveitarfélaga. |
| 3.2.6 | Sambandið skal vinna að því að sveitarfélög fái sanngjarna hlutdeild í gjöldum af umferð. Útfæra þarf hlutdeildina og útgreiðslu til sveitarfélaga með hliðsjón af auknum skyldum sveitarfélaga samkvæmt vegalögum og áherslu á vistvænar samgöngur. |
| 3.2.7 | Sambandið skal vinna að því að við skattkerfisbreytingar verði horft til þess hvernig megi tryggja að sveitarfélög fái hlutdeild í skattlagningu fyrirtækja og arðgreiðslum til eigenda þeirra. Einkum verði horft til þess að sveitarfélögin fái hlutdeild í tekjum hins opinbera af hagnýtingu auðlinda, s.s. vegna raforkuframleiðslu, ferðaþjónustu og fiskeldis. |
| 3.2.8 | Sambandið skal skoða kosti og galla blandaðrar leiðar við endurskoðun stofns til álagningar A-hluta fasteignaskatta. Annars vegar verði byggt á fasteignamati eins og það er í dag og hins vegar verði byggt á fermetrafjölda íbúðarrýmis eða öðrum atriðum, svo sem brunabótamati eða endurstofnverði sem hafa í för með sér jafnandi áhrif á álagningu fasteignaskatta. Jafnframt verði felldar niður allar undanþágur frá álagningu fasteignaskatts og öll mannvirki verði metin til fasteignamats. |
| 3.2.9 | Sambandið skal vinna að því að löggjöf um fjármögnun uppbyggingar á ferðamannastöðum verði endurskoðuð til að fullnægja fyrirsjáanlegri og brýnni uppbyggingarþörf. Lögð verði áhersla á að lækka eða fella úr gildi kröfu um 50% eigið framlag framkvæmdaraðila og að verklag við styrkveitingar taki mið af því að fjármögnun stærrí uppbyggingarverkefna þarf að byggja á áætlun sem tekur til nokkurra ára í senn. |

| | |
|---------------|--|
| 3.2.10 | Sambandið skal beita sér fyrir því að sveitarfélögin fái auknar tekjur af raforkuframleiðslu. Þess verði sérstaklega gætt að skatttekjur sveitarfélaga af skattskyldum virkjanamannvirkjum skiptist ekki eingöngu eftir því hvar virkjanamannvirki eru staðsett heldur verði einnig tekið sanngjarnt tillit til umhverfisáhrifa virkjana og flutningskerfis raforku á nærliggjandi sveitarfélög. |
|---------------|--|

| Jöfnunarsjóður sveitarfélaga | |
|-------------------------------------|---|
| 3.2.11 | Sambandið skal styðja við endurskoðun og einföldun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga svo framlög sjóðsins nýtist sem best til að jafna stöðu sveitarfélaga, þannig að þau geti staðið undir lögbundnum skyldum sínum. |
| 3.2.12 | Sambandið skal beita sér fyrir því að breytingar á framlögum til sveitarfélaga vegna breytts regluverks verði innleiddar í áföngum, sérstaklega gagnvart sveitarfélögum sem fá lægri framlög en áður. Jafnframt verði unnið að því að upplýsingar um árleg framlög jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga berist í tæka tíð fyrir gerð fjárhagsáætlaana. |
| 3.2.13 | Sambandið skal vinna að því að sveitarfélög verði upplýst tímanlega um áhrif hugsanlegra breytinga á reglum jöfnunarsjóðs á framlög til þeirra. |
| 3.2.14 | Sambandið skal beita sér fyrir því að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hafi yfir að ráða fjármagni til að styðja myndarlega við sameiningar sveitarfélaga, enda fái sjóðurinn árlega sérstakt fjármagn á fjárlögum til að standa að mestu undir slíkum fjárframlögum. |
| 3.3.15 | Sambandið skal beita sér fyrir því að áfram verði unnið að sameiningu Innheimtustofnunar sveitarfélaga við Tryggingastofnun ríkisins eða aðra stofnun á vegum ríkisins, svo losa megi Jöfnunarsjóð sveitarfélaga undan sveiflukennndri fjárförf stofnunarinnar. |

| Efnahagssamráð og kostnaðarmat | |
|---------------------------------------|--|
| 3.2.16 | Sambandið skal vinna að því að lögfestar verði reglur um efnahagssamráð ríkis og sveitarfélaga. |
| 3.2.17 | Sambandið skal fylgjast vel með áhrifum og framkvæmd fjármálareglna sveitarfélaga og vinna eftir þörfum að þróun þeirra og breytingum svo þær þjóni sem best tilgangi sínum við að styðja við bættu fjárhagsstöðu sveitarfélaga. |
| 3.2.18 | Sambandið skal vinna að því að öll lagafrumvörp og stjórnvaldsfyrirmæli er áhrif hafa á fjárhag sveitarfélaganna verði kostnaðarmetin. Reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli, þ. á m. stefnumarkandi áætlanir ríkisins, sem hafa veruleg áhrif á fjárhag sveitarfélaga verði ekki sett, nema að undangenginni sameiginlegri umfjöllun allra ráðherra í ríkisstjórn og vönduðu samráði við sambandið. |

Upplýsingagjöf sveitarfélaga

| | |
|---------------|--|
| 3.2.19 | Sambandið skal vinna að því að kortlagðar verði allar upplýsingar sem sveitarfélögin senda frá sér til opinberra aðila og setji fram tillögur um bætt verklag svo komast megi hjá tvíverknaði. |
|---------------|--|

Atvinnumál

| | |
|---------------|--|
| 3.2.20 | Sambandið skal vinna að því að stoðkerfi atvinnu- og byggðapróunar verði einfaldað og endurskipulagt og að grundvöllur atvinnuþróunarfélaga sveitarfélaga í því kerfi verði styrktur. |
| 3.2.21 | Sambandið skal taka virkan þátt í mótun heildstæðrar stefnu um fiskeldismál og nýtingu strandsvæða. Áhersla verði lögð á að nýta þau tækifæri til atvinnusköpunar sem felast í auknu fiskeldi, í sátt við umhverfið. Auknar verði rannsóknir á áhrifum fiskeldisstarfsemi á lífríki og slíkar rannsóknir verði grunnur að gerð svæðisbundinna áætlana um vernd og nýtingu strandsvæða sem taki einnig mið af hagsmunum íbúa og atvinnulífs á viðkomandi svæðum. |
| 3.2.22 | Sambandið skal gæta hagsmuna sveitarfélaga við mótun löggjafar um gjaldtöku af ferðamönnum og töku ákvarðana um uppbyggingu innviða til að mæta auknum straumi ferðamanna til landsins. Ekki nægir að veita fjármagni til að vernda og byggja upp aðstöðu á ferðamannastöðum heldur þarf einnig að styrkja samgöngumannvirki og veita fjármagni til viðhalds þeirra til að þau standist aukið álag. |
| 3.2.23 | Sambandið beiti sér fyrir því að jafna raforkukostnað bæði hjá fyrirtækjum og íbúum, m.a. með jöfnun flutningskostnaðar á raforku og hærri greiðslum til jöfnunar á húshitunarkostnaði. |
| 3.2.24 | Sambandið skal styðja svokölluð sjávarútvegssveitarfélög sem hafa með sér samtök sem hafa m.a. það markmið að hluti veiðigjalda renni til sjávarútvegssveitarfélaganna til að styðja þau við að takast á við afleiðingar þeirra breytinga sem skapa íslenskum sjávarútvegi aðstæður til að vera í fremstu röð. Það er liður í sjálfbærri nýtingu fiskistofnanna að þau samfélög, sem nýtingin hefur mest áhrif á, fái tæki til að takast á við afleiðingar þeirra breytinga sem fylgja sífellt hagkvæmari nýtingu. |

Vinumarkaðsmál

| | |
|---------------|--|
| 3.2.25 | Sambandið skal veita sveitarfélögum faglega ráðgjöf og þjónustu á sviði vinnumarkaðsmála og eiga gagnvirkt samráð við sveitarfélög á því sviði. |
| 3.2.26 | Sambandið skal styðja sveitarfélög í að sinna vinnuveitendahlutverki sínu. |
| 3.2.27 | Sambandið skal vinna að því að kostnaðarauki sveitarfélaga vegna kjarasamninga taki mið af fjárhagsgetu þeirra og almennri kjarapróun og gæta þess að kjarasamningar sveitarfélaga séu í samræmi við efnahagsleg markmið hverju sinni. |

| | |
|---------------|---|
| 3.2.28 | Sambandið skal setja reglur um skilyrði þess að sveitarfélög geti sótt um stuðning frá sambandinu til þess að mæta kostnaði við rekstur fordæmisgefandi dómsmála á sviði vinnuréttar. |
| 3.2.29 | Sambandið skal tryggja í kjarasamningum jafnræði í launasetningu starfsmanna sveitarfélaga, þ.e. að sambærileg og jafnverðmæt störf séu launuð með sama hætti óháð kynferði, búsetu eða stéttarfélagsaðild. |
| 3.2.30 | Sambandið skal þróa starfsmatskerfið SAMSTARF og fjölga samstarfsaðilum um verkefnið. |
| 3.2.31 | Sambandið skal stefna að samræmingu almennra grunnþátta kjarasamninga. |
| 3.2.32 | Sambandið skal draga eins og kostur er úr ákvæðum kjarasamninga sem eru ákvarðandi um fyrirkomulag og framkvæmd starfsemi einstakra rekstrareininga og auka sveigjanleika þeirra til að mæta þróun í starfsemi einstakra rekstrareininga. |
| 3.2.33 | Sambandið skal auka hvata til viðurkenndrar sí- og endurmenntunar í kjarasamningum, enda tengist námið starfi viðkomandi og byggist á heimildarákvæðum í kjarasamningi. |
| 3.2.34 | Sambandið skal efla kjararannsóknir. |
| 3.2.35 | Sambandið skal taka þátt í og efla samstarf aðila vinnumarkaðarins. |
| 3.2.36 | Sambandið skal vinna að endurskoðun lífeyriskerfisins í samvinnu við aðra aðila vinnumarkaðarins með það að markmiði að tekið verði upp eitt samræmt og sjálfbært lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn. Þannig verði komið í veg fyrir að ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar safnist áfram upp og verði byrði á framtíðarskattgreiðendum. |

3.3 VELFERÐIN Í ÖNDVEGI

| Fræðslu- og uppeldismál | |
|-------------------------|---|
| 3.3.1 | Sambandið skal hafa velferð barna að leiðarljósi í aðkomu sinni að skólamálum sveitarfélaga og það mikilvæga hlutverk alls skólastarfs að stuðla að alhliða þroska þeirra og virkri þátttöku í Lýðræðisþjóðfélagi. Markmið skólastarfs verði að börn öðlist almenna menntun við hæfi hvers og eins, sem nýtist þeim í frekara námi, lífi og starfi. |
| 3.3.2 | Sambandið skal styðja sveitarfélög í að marka sér sjálf áherslur og stefnu um skólamál innan ramma laga og reglugerða. |
| 3.3.3 | Sambandið skal stuðla að því að skólastarf taki mið af þeim megináherslum sem koma fram í aðalnámskrám, en jafnframt að hvert sveitarfélag hafi svigrúm til fjölbreytni og sveigjanleika varðandi kennsluhætti, námsgögn og útfærslu skólastarfs. Tryggja þar að fjármagn fylgi innleiðingu aðalnámskráa og öðrum umbótaáætlunum ríkisins í skólamálum. Samhliða þarf að tryggja útgáfu viðeigandi námsgagna sem hvetja til fjölbreyttra kennsluhátta. |
| 3.3.4 | Sambandið skal stuðla að því að greint verði hvaða úrbóta er þörf til þess að íslenskt skólakerfi geti orðið í fremstu röð. Aukna áherslu þarf að leggja á gæði og árangur skólastarfs, þ.m.t. námsárangur sem stenst alþjóðlegan samanburð. Halda þarf í styrkleika skólakerfisins jafnhliða því að bæta úr veikleikum þess. |
| 3.3.5 | Sambandið skal vinna að skilvirku samstarfi ráðuneyta, stofnana og sveitarfélaga vegna barna sem búa við fötlun, sjúkdóma og aðrar sérstakar aðstæður. Mikilvægt er að greina og leysa úr kerfislægum vanda í þessu skyni og skerpa á ábyrgð og skyldum ríkis og sveitarfélaga. Tryggja þarf að hagræðing í opinberum rekstri búi ekki til grá svæði í þjónustu við börn. Sambandið hvetur til aukinnar svæðasamvinnu sveitarfélaga um sérfræðiþjónustu, ráðgjöf og úrræði til hagsbóta fyrir börn. |
| 3.3.6 | Sambandið skal skoða faglegar og fjárhagslegar forsendur þess að menntun barna til 18 ára aldurs verði á hendi sveitarfélaga svo tryggja megi samfellu í námi og félagslegan stöðuleika. Með því móti verður lagður grunnur að sveigjanleika og skilvirkni í námsframvindu og námslokum sem leitt getur til minna brotthvarfs og hefur forvarnargildi. Gerð verði tilraun með rekstur framhaldsskóla á vegum sveitarfélaga. |
| 3.3.7 | Sambandið skal skoða forsendur þess að leikskólinn, sem fyrsta skólastigið, verði lögbundið verkefni sveitarfélaga. |
| 3.3.8 | Sambandið skal vinna að því að regluverk um sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla verði einfaldað og lagaleg staða þeirra verði skýr. |
| 3.3.9 | Sambandið skal vinna að því að komið verði á skýrum lagaramma um tónlistarskóla þar sem kveðið verði á um fjárhagslega og faglega ábyrgð ríkis og sveitarfélaga á rekstri þeirra. |

| | |
|---------------|--|
| 3.3.10 | Sambandið skal efla samstarf mennta- og menningarmálaráðuneytisins og sambandsins um mat og eftirlit með skólastarfi. Ytra mat á grunn- og leikskólum verði innleitt í áföngum og til framtíðar litið verði stefnt að því að allir skólar fari í gegnum ytra mat á 5-7 ára fresti. Mikilvægt er að skólanefndir fylgi eftir niðurstöðum ytra mats með markvissum hætti. |
| 3.3.11 | Sambandið skal vinna að því að miða skólastarf í auknum mæli við styrkleika, áhugasvið og færni barna, s.s. með því að auka valfrelsi, ábyrgð og sjálfræði þeirra varðandi áherslur og skipulag eigin náms. |
| 3.3.12 | Sambandið skal vinna að því efla lestrarfærni og lesskilning barna. Stuðlað verði að nánú samstarfi leikskóla og grunnskóla um eflingu læsis í viðum skilningi. |
| 3.3.13 | Sambandið skal vinna að því að auka vægi verk-, tækni- og listgreina í námi barna. |
| 3.3.14 | Sambandið skal vinna að því að starfsþróun kennara, stjórnenda og annarra starfsmanna skóla verði forgangsverkefni. Huga þarf sérstaklega að því að efla fagmenntun starfsfólks leikskóla með fjölbreyttum námsleiðum og áfangaskiptingu leikskólakennaranáms. Unnið verði að því að miðla upplýsingum til sveitarfélaga og starfsfólks skóla um mismunandi leiðir til starfsþróunar. Áfram verði unnið að því að kjarasamningar styðji við framþróun, sveigjanleika og nýbreytni í skólastarfi. |
| 3.3.15 | Sambandið skal beita sér fyrir því að lagt verði mat á inntak kennaranáms með tilliti til menntastefnu og skólastarfs á hverjum tíma. Mikilvægt er að lenging kennaranáms verði nemendum og skólastarfi til hagsbóta, s.s. með aukinni áherslu á vettvangsnám og hagnýtingu í starfi. |

| Félagsþjónusta | |
|-----------------------|--|
| 3.3.16 | Sambandið skal vinna að því að félagslegur stuðningur sé skilgreindur út frá þörfum þeirra einstaklinga og fjölskyldna sem þurfa á aðstoð að halda, óháð aldri, heilbrigði eða fötlun þeirra. Stefnt verði að því að lög um félagsþjónustu nái til allra og sérlög um einstaka hópa verði felld úr gildi. |
| 3.3.17 | Sambandið skal vinna að því að fjárhagsaðstoð sveitarfélaga verði skilgreind sem neyðaraðstoð og öryggisnet fyrir þá sem eru að fara á milli annarra framfærsluferfa eða eiga af einhverjum ástæðum ekki rétt á annarri framfærslu. Áhersla verði lögð á að virkja þá, sem þurfa á neyðaraðstoð að halda, til sjálfshjálpar með fjölbreyttum virkniúrræðum sem henta þörfum sem flestra. |
| 3.3.18 | Sambandið skal beita sér fyrir því að opinber stefnumörkun og löggjöf stuðli að því að bóta- og greiðsluferfi ríkis, sveitarfélaga og lífeyrissjóða vinni eins vel saman og kostur er. Lögð verði áhersla á að bæta eftirlit með greiðslum og samvinnu milli stofnana. Liður í því er að lögfest verði skylda umsækjenda um opinberar bótagreiðslur til þess að upplýsa um það ef breyting verður á högum þeirra sem hefur áhrif á rétt til fjárhagsstuðnings. |

| | |
|----------------------|---|
| <p>3.3.19</p> | <p>Sambandið skal beita sér fyrir því að framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks verði fylgt eftir, þ.m.t. um uppbyggingu búsetuþjónustu og framtíðaráherslur hennar mótaðar með hliðsjón af niðurstöðum fyrirbyggjandi rannsókna. Fjármögnun búsetuuppbyggingar og tengdrar þjónustu njóti forgangs ásamt umbótum í félagslífi fatlaðra barna og ungmenna auk þess sem aðgengismál í víðum skilningi fái aukið vægi. Sett verði raunhæf markmið um þjónustustig og framþróun í þjónustu við fatlað fólk í nánú samráði við samtök notenda og stjórnvöld ríkisins. Sérstök fjárframlög frá ríkinu standi undir stærstum hluta þessarar uppbyggingar.</p> |
| <p>3.3.20</p> | <p>Sambandið skal beita sér fyrir því að sátt náist um fyrirkomulag þjónustu við fatlað fólk, m.a. um nám og atvinnu. Liður í þeirri vinnu er að þróa verkferla og ákveða þjónustustig í málaflokknum ásamt því að efla innra og ytra mat á gæðum þjónustunnar. Unnið verði að því, í samstarfi við ríkið, að eyða gráum svæðum í málaflokknum. Í tengslum við endurmat á yfirfærslunni verði fjármögnun þjónustunnar tryggð og tillit tekið til þeirra laga og hugmyndafræðilegu breytinga sem átt hafa sér stað. Fjármögnun verði dreift markvisst, m.v. þarfir hvers þjónustusvæðis.</p> |
| <p>3.3.21</p> | <p>Sambandið skal vinna að því að þróaðir verði notendasamningar og notendastýrð persónuleg aðstoð í nærþjónustu sveitarfélaga sem verði innleidd sem valkostur við önnur þjónustuform, enda liggja fyrir sérstök fjármögnun af hálfu ríkisins vegna þessarar þróunar.</p> |
| <p>3.3.22</p> | <p>Sambandið skal vinna að því að áfram verði undirbúnaðar breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á sviði þjónustu við aldraða og skilgreindir verði þeir þjónustubættir sem æskilegt er að flytja svo hægt sé að tryggja samþætta og góða þjónustu. Byggja skal á þeirri reynslu sem hefur skapast í tengslum við yfirfærslu þjónustu við fatlað fólk, mótuð verði skýr stefna í málaflokknum og útbúin framkvæmdaáætlun áður en gerðar eru breytingar á verkaskiptingu. Sérstaklega verði hugað að úrlausn varðandi lífeyrisskuldbindingar. Heimahjúkrun og fleiri þjónustubættir á forræði heilsugæslunnar komi þar til sérstakrar skoðunar sem fyrst.</p> |
| <p>3.3.23</p> | <p>Sambandið skal vinna að því að allir þeir sem ekki eiga rétt á atvinnuleysisbótum njóti lögboðinnar starfsendurhæfingar og vinnumarkaðsúræða á forræði Vinnumálastofnunar. Lögð verði áhersla á að ríki og sveitarfélög vinni sameiginlega að því að sporna gegn langtímaatvinnuleysi, með sérstakri áherslu á að ungu, atvinnulausu fólki verði tryggð viðeigandi virkniúræði. Til að fjármagna tímabundin aukin útgjöld sveitarfélaga vegna þessara verkefna verði þeim tryggð sanngjörn hlutdeild í almennu tryggingagjaldi.</p> |
| <p>3.3.24</p> | <p>Sambandið skal vinna að því að sveitarfélögin tengist enn frekar en nú er verkefnum Vinnumálastofnunar á sviði vinnumarkaðunar og úrræða fyrir alla þá sem þurfa aðstoð á vinnumarkaði. Tekjustofn verði tryggður til að standa undir kostnaði sveitarfélaga við þetta samstarfsverkefni með markvissari hætti en nú er og að sveitarfélögunum verði með lögum eða þjónustusamningum falið stærra hlutverk við vinnumarkaðunar og úrræði fyrir atvinnuleitendur og aðra þá sem standa höllum fæti á almennum vinnumarkaði.</p> |

| | |
|---------------|--|
| 3.3.25 | Sambandið skal vinna markvisst að því að fækka gráum svæðum þar sem ábyrgðarskil ríkis og sveitarfélaga eru ekki nægjanlega ljós á sviði skóla- og velferðarmála. Með því má tryggja skilvirkari þjónustu við alla sem þurfa á velferðarþjónustu að halda. |
| 3.3.26 | Sambandið skal stuðla að þróun tækni og nýsköpunar í allri velferðarþjónustu sveitarfélaga. |

Jafnréttis- og mannréttindamál

| | |
|---------------|---|
| 3.3.27 | Sambandið skal leggja sitt af mörkum og hvetja sveitarfélögin til að sporna gegn neikvæðum áhrifum staðalmynda á sjálfsmynd og tækifæri barna og fullorðinna. Jafnframt að sporna gegn klámvæðingu og vændi og alvarlegum samfélagslegum áhrifum þess. |
| 3.3.28 | Sambandið skal hvetja og styðja sveitarfélögin í því að ná fram jafnrétti kynjanna í reynd, ekki síst í aðgerðum gegn kynbundnum launamun. Unnið skal í gegnum Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum og með auknu samstarfi við Jafnréttisstofu og norræn systursambönd. |
| 3.3.29 | Sambandið skal leggja sitt af mörkum, sérstaklega í gegnum þátttöku í innflytjendaráði, til að stuðla að því að hagsmunir íbúa af erlendum uppruna, bæði barna og fullorðinna, séu tryggðir. Mikilvægt er að þjónusta sé þeim aðgengileg, þannig að þeir öðlist sem fyrst sömu stöðu og aðrir íbúar og séu viðurkenndir og virkir þátttakendur í samfélaginu. |
| 3.3.30 | Sambandið skal vinna að því að sveitarfélög fái lögbundinn stuðning Fjölmenningarseturs til að veita íbúum af erlendum uppruna fullnægjandi þjónustu og aðstoða sveitarfélög við að vinna saman að málefnum þeirra. |

Húsnæðismál

| | |
|---------------|--|
| 3.3.31 | Sambandið skal vinna að því að húsnæðisbætur verði verkefni ríkisins og fjármagnaðar af ríkissjóði. Í áföngum verði unnið að sameiningu húsaleigubóta og vaxtabóta í einar húsnæðisbætur. Húsnæðisbætur miðist við þarfir einstaklinga og fjölskyldna óháð búsetuformi eða tegund húsnæðis. Þess verði jafnframt gætt að um samtímastuðning verði að ræða. Sérstakur húsnæðisstuðningur vegna félagslegra aðstæðna (annarra en lágra tekna) verði áfram á hendi sveitarfélaga. |
| 3.3.32 | Sambandið skal vinna að því að kostnaðarþátttaka ríkisins vegna almennra og sérstakra húsaleigubóta í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga verði fest við 60% hlutdeild óháð þróun heildarútgjalda vegna bótanna, þar til nýtt kerfi húsnæðisbóta verði tekið upp. |

| | |
|---------------|---|
| 3.3.33 | Sambandið skal vinna að því að stuðla að fjölbreyttum og sveigjanlegum húsnæðismarkaði sem tryggir öllum öruggt íbúðarhúsnæði á viðráðanlegu verði. Sérstaklega verði hugað að því hvernig tryggja megi framboð af ódýru og öruggu húsnæði til leigu eða kaups fyrir núverandi og næstu kynslóðir ungs fólks. |
| 3.3.34 | Sambandið skal vinna að uppbyggingu öflugs og almenns leigumarkaðar, þannig að leigjendur íbúðarhúsnæðis hafi möguleika á langtímaleigu til að tryggja búsetuöryggi þeirra. Skilgreint verði hvernig styðja megi kröftuglega við þróun leigumarkaðar með aðkomu sveitarfélaga, ríkis, lífeyrissjóða og einkaaðila. Stofnframlög verði sérstaklega skoðuð í því sambandi. Gætt skal að því að tryggja félagslegan fjölbreytileika í einstökum hverfum sveitarfélaga. |
| 3.3.35 | Sambandið skal stuðla að því að Varasjóður húsnæðismála verði áfram bakhjarl sveitarfélaga á svæðum þar sem brestur er á húsnæðismarkaði. Teknar verði upp viðræður við ríkisvaldið um hlutverk og fjármögnun sjóðsins í tengslum við áætlanir um framtíðarskipan húsnæðismála. |
| 3.3.36 | Sambandið skal leggja áherslu á að við fyrirhugaðar breytingar á aðkomu ríkisins að húsnæðislánamarkaði verði lögð áhersla á að tryggja áfram jafnan rétt allra landsmanna, hvar sem þeir búa, til húsnæðislána á viðráðanlegum kjörum. |
| 3.3.37 | Sambandið skal vinna að því, í samstarfi við ríkið, að ná fram lækkun byggingarkostnaðar án þess að skerða aðgengi. Það verði gert með því að stuðla að lækkun lands/lóðaverðs. Þá verði gefinn sveigjanleiki við útfærslu á byggingareglugerð sem leiðir til lækkunar á kostnaði. |

Meningarmál

| | |
|---------------|---|
| 3.3.38 | Sambandið skal gæta eins og kostur er sameiginlegra hagsmuna sveitarfélaga við veitingu þjónustu og þróun hennar á sviði menningarmála. |
|---------------|---|

Æskulýðs- og íþróttamál

| | |
|---------------|---|
| 3.3.39 | Sambandið skal stuðla að mótun stefnu um sameiginlegar áherslur sveitarfélaganna á sviði æskulýðs-, íþrótt- og menningarmála, þar með talið samstarf um byggingu og rekstur sérhæfðra mannvirkja. |
| 3.3.40 | Sambandið skal gera þá kröfu til sérsambanda að þau kostnaðarmeti tillögur sem leiði til fjárútláta af hálfu sveitarfélaga. |
| 3.3.41 | Sambandið skal beita sér fyrir því að sveitarfélög fái stuðning til aðgerða vegna lögfestingar Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. |
| 3.3.42 | Sambandið skal hvetja sveitarfélög til þess að vinna eftir uppleggi ráðuneyta og embættis landlæknis í þágu lýðheilsu gegnum heilsueflingu og forvarnarstarf. |

3.4 TENGLS MANNA OG UMHVERFIS

| Skipulags- og byggingarmál | |
|----------------------------|---|
| 3.4.1 | Sambandið skal vinna að því að landsskipulagsstefna verði unnin í góðri sátt við sveitarfélög og samtök þeirra. Þau tækifæri sem felast í gerð landsskipulagsstefnu verði nýtt til þess að bæta verklag við gerð skipulagsáætlana og annarra opinberra áætlana og auka samræmi í áætlanagerð á landsvísu. |
| 3.4.2 | Sambandið skal vinna að því að vegalög verði endurskoðuð með hliðsjón af markmiðum skipulagslaga. Við þá vinnu verði lögð áhersla á að skipulagsvaldið er hjá sveitarfélögunum og að ekki er hægt að una því að ákvarðanir stofnana ríkisins á grundvelli sérlaga séu æðri skipulagsáætlunum sveitarfélaga. |
| 3.4.3 | Sambandið skal vinna að því að skaðabótaákvæði skipulagslaga verði endurskoðuð með hliðsjón af samsvarandi ákvæðum í nágrennaríkjum. |
| 3.4.4 | Sambandið skal hvetja sveitarfélög til þess að vinna saman að gerð svæðisskipulags þar sem við á. Sérstök áhersla verði lögð á að horfa til uppbyggingar og staðsetningar innviða, þarfa atvinnuveganna og áherslna í sóknaráætlunum fyrir viðkomandi landshluta. Samráð milli sveitarfélaga og stofnana ríkisins og fyrirtækja sem hafa það hlutverk að byggja upp grunnkerfi, s.s. samgöngur, fjarskipti og flutningskerfi raforku, verði aukið. |
| 3.4.5 | Sambandið skal leita leiða til að draga úr kostnaði sveitarfélaga við skipulagsvinnu. Í því sambandi verði m.a. hugað að eftirfarandi: Samstarfi ríkis og sveitarfélaga um innleiðingu stafræns skipulags; samstarfi ríkis og sveitarfélaga um kaup og leigu á landupplýsingum; framkvæmd friðlýsinga, fjármögnun rannsókna og skipulagsvinnu á strandsvæðum; bættu samstarfi við stofnanir ríkisins og fyrirtæki sem hafa það hlutverk að byggja upp grunnkerfi, s.s. vegi, fjarskiptakerfi og flutningskerfi raforku. |
| 3.4.6 | Sambandið skal beita sér fyrir samræmingu og einföldun löggjafar á sviði skipulags- og byggingarmála. Áhersla verði m.a. lögð á að settir verði hæfilegir frestir í lög til að skila umsögnum um skipulagsmál og að málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd taki eðlilegan tíma þannig að skilvirkni við afgreiðslu skipulagsmála verði tryggð. |
| 3.4.7 | Sambandið skal beita sér fyrir því að jarðalög og önnur löggjöf um landnýtingu sem tengist landbúnaði verði endurskoðuð. Í þeirri endurskoðun verði byggt á meginreglum og aðferðum skipulagslaga sem miða að því að sveitarfélög vegi saman ólík sjónarmið þegar ákvarðanir eru teknar um landnotkun. Jafnframt verði horft til landnotkunar innan þjóðlendna þar sem skýra þarf réttindi og skyldur ríkisins sem landeiganda. |
| 3.4.8 | Sambandið gæti hagsmuna sveitarfélaga við mótun lagafrumvarps um skipulag haf- og strandsvæða. Í þeirri vinnu verði lögð áhersla á að skipulag strandsvæða, allt að einni sjómílu út frá grunnlínu landhelginnar, verði á forræði sveitarfélaga. Einnig verði lögð áhersla á að fram fari nauðsynlegar grunnrannsóknir á strandsvæðum þar sem álag vegna nýtingar er mikið, til að auðvelda gerð skipulags- og nýtingaráætlana. |

| | |
|--------------|---|
| 3.4.9 | Sambandið skal beita sér fyrir því að heildarendurskoðun laga um lögheimili og laga um skráningu aðsetursskipta verði hraðað. Í þeirri vinnu verði lögð áhersla á að styrkja stöðu sveitarfélaga í skráningarferlinu og draga úr hættu á rangri eða ófullkominni aðsetursskráningu. Jafnframt verði tryggt að öll skilgreind lögheimili séu í samræmi við skipulag sveitarfélaga. |
|--------------|---|

| Sjálfbær þróun og umhverfismál | |
|---------------------------------------|---|
| 3.4.10 | Sambandið skal vinna að því að sjálfbær þróun verði leiðarljós sveitarfélaga í umhverfismálum. |
| 3.4.11 | Sambandið skal beita sér fyrir því að ríki og sveitarfélög taki upp nánara samstarf um stefnumótun og uppbyggingu í úrgangsmálum. Áhersla verði m.a. lögð á að meðhöndlun úrgangs er almannabjónusta, að ákvarðanir sveitarfélaga um meiriháttar fjárfestingar falli vel að stefnu í málaflokknum og löggjöf og stefna ríkisins taki bæði mið af alþjóðlegum skuldbindingum og svæðisáætlunum um meðhöndlun úrgangs. |
| 3.4.12 | Sambandið skal beita sér fyrir því að eftirliti með starfsleyfis skyldri atvinnustarfsemi verði að meginstefnu sinnt af staðbundnum stjórnvöldum. Samræmingarhlutverk miðlægra eftirlitsstofnana verði eftt til að stuðla að samræmdu eftirliti um allt land. |
| 3.4.13 | Sambandið skal vinna að því að tryggja að samráð sé haft við samtök sveitarfélaga og hlutaðeigandi sveitarfélög við gerð opinberra áætlana sem hafa áhrif á nýtingu auðlinda, svo sem fallvatna, jarðhitasvæða og strandsvæða, eða skipulagsáætlanir sveitarfélaga. Jafnframt verði tryggt að koma sveitarfélaga að stjórnnum og ákvörðunum um nýtingu þjóðlendna og málefni þjóðgarða. |
| 3.4.14 | Sambandið skal vinna að því að fram fari heildstæð umræða um framkvæmd náttúruverndarlaga og framtíðarsýn um fjölda friðaðra náttúrusvæða. Við ákvarðanir um friðun og verndun landsvæða verði ávallt haft samráð við hlutaðeigandi sveitarfélög og landshlutasamtök sveitarfélaga. |
| 3.4.15 | Sambandið beiti sér fyrir því að ríki, sveitarfélög, landeigendur og ferðaþjónustan vinni saman að því að draga úr neikvæðum áhrifum af aukinni umferð ferðamanna á viðkvæma staði í íslenskri náttúru. Áhersla verði lögð á nauðsynlega uppbyggingu á ferðamannastöðum og að umferð ferðamanna verði beint á landsvæði sem þola aukna umferð. Jafnframt verði lögð áhersla á að vegum og öðrum innviðum verði viðhaldið til að þeir þoli þá auknu umferð sem leiðir af fjölgun ferðamanna. |
| 3.4.16 | Sambandið skal beita sér fyrir því að sveitarfélögin verði virkir þátttakendur í umræðu um framtíðarstefnu í orkumálum, þ.m.t. uppbyggingu flutningskerfis Landsnets, stefnu um lagningu raflína, áherslur í rammaáætlun, skattlagningu á virkjanir og flutningsmannvirki og þróun í nýtingu auðlinda, s.s. vindafis- og sjávarfallavirkjana. |

| | |
|---------------|--|
| 3.4.17 | Sambandið skal beita sér fyrir því að hraðað verði vinnu við endurskoðun reglugerðar um fráveitur og skólp. Teknar verði upp viðræður við ríkið um leiðir til þess að ljúka því verkefni að innleiða tilskipun um fráveitur með fullnægjandi hætti, svo sem með því að fella niður virðisaukaskatt af fráveituframkvæmdum sveitarfélaga. |
| 3.4.18 | Sambandið skal beita sér fyrir því að sveitarfélögin verði virkir þátttakendur í umræðu og aðgerðum til að bregðast við loftslagsbreytingum. Ennfremur skal sambandið aðstoða sveitarfélög sem vilja taka upp stefnu um hvernig þau geta dregið úr neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga. |
| 3.4.19 | Sambandið skal beita sér fyrir því að sveitarfélög komi beint að stjórn vatnamála og að þau verði virkir umsagnaraðilar um allar áætlanir tengdar stjórn vatnamála. |

| Samgöngur og fjarskipti | |
|--------------------------------|--|
| 3.4.20 | Sambandið skal vinna að því, í samvinnu við landshlutasamtök sveitarfélaga, að tryggja öruggan laga- og rekstrargrundvöll fyrir heildstætt kerfi almenningssamgangna milli og innan landshluta. |
| 3.4.21 | Sambandið skal vinna að því að við stefnumótun í samgöngumálum verði vistvænar samgöngur settar í forgang með því að styðja sérstaklega við notkun vistvænna orkugjafa, draga úr neikvæðum áhrifum af bílaumferð og auka jafnræði ólíkra samgöngumáta. |
| 3.4.22 | Sambandið beiti sér fyrir því að við stefnumótun í samgöngumálum og forgangsroðun fjármuna til samgönguverkefna verði ávallt horft til þess að fyrir hluta landsmanna eru flugsamgöngur eini raunhæfi valkosturinn þegar kemur að almenningssamgöngum. |
| 3.4.23 | Sambandið skal leggja sitt af mörkum til að knýja á um markvissa uppbyggingu hágæða fjarskiptakerfis fyrir alla landsmenn, enda er hátt þjónustustig fjarskipta ein grunnforsenda þess að viðunandi búsetuskilyrði séu til staðar um allt land. |
| 3.4.24 | Sambandið skal beita sér fyrir því að í opinberri stefnumótun um ferðaþjónustu og uppbyggingu innviða í samgöngumálum verði horft til þess að fjölga komum og brottförum erlendra ferðamanna á öðrum stöðum en SV-horninu. |

| Brunamál og almannavarnir | |
|----------------------------------|--|
| 3.4.25 | Sambandið skal leggja áherslu á að tryggja aðkomu sveitarfélaganna við áætlanagerð í almannavörnum, svo sem við gerð hættumats og viðbragðsáætlana vegna náttúruvárs, enda bera sveitarfélögin ábyrgð á gerð viðbragðsáætlana samkvæmt lögum um almannavarnir. |

| | |
|---------------|---|
| 3.4.26 | Sambandið skal taka upp viðræður við ríkið um eflingu slökkviliða, með hliðsjón af fyrirhugaðri reglugerð um starfsemi slökkviliða og nýjum áskorunum fyrir slökkviliðin. |
| 3.4.27 | Sambandið skal beita sér fyrir því að sem fyrst verði hafnar viðræður milli ríkis og sveitarfélaga um að sjúkraflutningar verði verkefni sveitarfélaga, þar sem aðstæður gera það hagkvæmt. |